

**Ed.**

**384. Frumvarp til laga**

**[196. mál]**

um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

**I. KAFLI**

**Skipulag og stjórn.**

**1. gr.**

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

**2. gr.**

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingarnar og slysatryggingarnar og hefur með höndum umsjón og yfirstjórn sjúkratrygginganna, allt undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins).

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

**3. gr.**

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, sem jafnframt er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, aðra deildarstjóra, aðalgjaldkera og tryggingalækni, tryggingayfirlækni til aðstoðar.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna Tryggingastofnunarinnar fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess.

Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

- a. Hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar.
- b. Ársreikningum stofnunarinnar.
- c. Ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir.
- d. Öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús og önnur slík dvalarheimili.
- e. Meginreglum um notkun heimildarákvæða.
- f. Öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og sölum.
- g. Öðrum þeim atriðum, sem lög þessi ákveða.

Þá getur forstjóri og borið önnur mál undir tryggingaráð, ef honum finnst ástæða til.

7. gr.

Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipa hvert um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Þóknun til sýslumanna og bæjarfógeta fyrir þessi aukastörf skal ákveðin í reglugerð, sem samin sé í samráði við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og stjórn Dómarafélags Íslands.

Ráðherra ákveður þátttöku Tryggingastofnunarinnar í skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta vegna umboðsstarfa þessara.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir félagsmálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal í árbók eða með öðrum reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

## II. KAFLI

### Lífeyristryggingar.

#### A. Almenn ákvæði.

##### 10. gr.

Rétt til bóta frá lífeyristryggingunum með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, eiga:

- a. Íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi, enda hafi umsækjandi um bætur eða sá, sem bótaréttur er tengdur við, átt hér lögheimili a. m. k. 10 ár eftir 16 ára aldur eða 5 síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Slíks lágmarkstíma skal þó ekki krafist, þegar um er að ræða örorkulífeyri manns, sem hafði óskerta starfsorku, er hann tók hér lögheimili, fjölskyldubætur, mæðralaun eða fæðingarstyrk, og heimilt er tryggingaráði að víkja frá tímaákvæðunum í öðrum tilvikum, ef sérstaklega stendur á. Dveljist maður erlendis og eigi þar rétt til bóta samkvæmt milliríkjasamningum eða alþjóðasamþykktum, sem Ísland er aðili að, skal hann ekki samtímis njóta tilsvareandi bóta hér á landi.
- b. Íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga erlendis, ef í milliríkjasamningum eða alþjóðasamþykktum, sem Ísland er aðili að, er kveðið á um áframhaldandi bótagreiðslur eftir að lögheimili á Íslandi er sleppt.
- c. Erlendir ríkisborgarar, sem samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga um gagnkvæmar tryggingar, sem Ísland er aðili að, eða alþjóðasamþykktu, sem fullgiltar hafa verið af Íslands hálfu, eiga sams konar rétt og íslenskum ríkisborgurum er veittur samkvæmt staflíðum a. og b.

#### B. Bætur.

##### 11. gr.

Lífeyristryggingarnar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

##### 12. gr.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri.

Árlegur ellilífeyrir einstaklings, sem fæddur er árið 1894 eða síðar, skal vera sem hér segir:

Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá	72 ára aldri eða síðar	.....	kr.	30 480.00
— — — — —	71 — — — —	.....	—	27 360.00
— — — — —	70 — — — —	.....	—	24 360.00
— — — — —	69 — — — —	.....	—	22 080.00
— — — — —	68 — — — —	.....	—	19 800.00
— — — — —	67 — — — —	.....	—	18 240.00

Árlegur lífeyrir þeirra einstaklinga, sem fæddir eru árið 1893 eða fyrr, er kr. 18 240.00 að viðbætti þeirri hækkun vegna frestunar á töku lífeyris, sem þeir höfðu öðlzt rétt til í árslok 1960. Fresti þeir töku lífeyris fram yfir þann tíma, hækkar lífeyrir þeirra í hlutfalli við hækkun samkvæmt 2. málsg. þessarar greinar, og aldrei skulu þeir njóta minni réttar en orðið hefði, ef ákvæðum eldri laga hefði verið beitt.

Hækkun lífeyris vegna frestunar fram yfir 67 ára aldur skal ekki veitt, nema umsækjandi hafi þann tíma átt lífeyrisrétt hér á landi eða í landi, sem samið er við um gagnkvæman rétt til ellilífeyris. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri, ef þau

eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar.

Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin elli- lífeyri eiga rétt á helmingi þeirrar hækkunar, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar, sem átt hafði sér stað eftir 1. janúar 1961.

#### 13. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn  $\frac{1}{4}$  þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hiðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að verja allt að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, til greiðslu örorkustyrkja handa þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um slíkar greiðslur, sem ráðherra staðfestir.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

Árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 18 240.00, og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, eftir því sem við getur átt.

#### 14. gr.

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

#### 15. gr.

Fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum yngri en 16 ára. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 3 000.00.

#### 16. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða er örorkulífeyrisþegi.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpborn, þegar eins stendur á.

Þó er ekki greiddur barnalífeyrir með stjúpörnum, sem eiga framfærsluskyldan föður á lífi, eða með kjörörnum, nema þau hafi verið á framfæri hins látna eða örorkulífeyrisþegans a. m. k. 2 síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnast. Þó er tryggingaráði heimilt að stytta þessa fresti, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans. Sama gildir um elli- lífeyrisþega, einstæða móður, sem er öryrki, svo og hjón, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sökum örorku eiginkonu.

Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 8 400.00.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%. Sama gildir, ef annað foreldri er látið, en hitt öryrki.

#### 17. gr.

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa tvö eða fleiri börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með tveim börnum .....	kr. 9 120.00
Með þrem börnum eða fleirum .....	— 18 240.00

18. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 4 000.00 við hverja fæðingu.

19. gr.

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns síns, kr. 2 000.00 mánaðarlega.

Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára, á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 1 500.00 mánaðarlega.

20. gr.

Þegar niður falla bætur samkvæmt 19. gr., á hver sú kona, sem orðin var 50 ára við lát mannsins, rétt á ekkjulífeyri til 67 ára aldurs. Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar, þegar lífeyrisréttur stofnast. Sé konan þá orðin 65 ára, greiðist fullur lífeyrir, en ella lækkar hann um 5% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á þann aldur. Lífeyrir fellur niður, ef ekkja gengur í hjónaband.

Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar skulu einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri.

Tryggingaráði er heimilt að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi verið yngri, er maður hennar lézt, enda hafi hjónabandið staðið a. m. k. 20 ár. Fullur ekkjulífeyrir er kr. 18 240.00 á ári.

21. gr.

Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef lífeyrisþegi á ekki lögskyldan, aflögufæran framferanda á lífi, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947, og sýnt þykir, að hann geti ekki komist af án hækkunar. Uppbótin skal miðast við ástæður lífeyrisþegans, en þó aldrei vera hærri en lífeyrisupphæð 67 ára manns samkvæmt 12. gr. Uppbót þessa skal aðeins greiða þeim, sem:

- a. þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika og ellilasleika;
- b. dveljast á elliheimili, sjúkrahúsi eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili;
- c. eru einstæðingar.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari að fengnum tilögum sveitarstjórnar, og greiðist hún að  $\frac{3}{5}$  af Tryggingastofnuninni, en að  $\frac{2}{5}$  af sveitarsjóði. Er stofnuninni heimilt að verja í þessu skyni upphæð, sem nemur allt að 10% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs.

Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

22. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að koma á fót heimilishjálp fyrir ellilífeyrisþega, og getur tryggingaráð þá ákveðið, að útgjöld vegna slíkrar heimilishjálpar skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri samkvæmt 21. gr., enda séu reglur um starfsemi þessa samþykktar af tryggingaráði.

C. Tekjur.

23. gr.

Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta, samkvæmt 15. gr., greiðist að fullu úr rikissjóði.

Önnur útgjöld lífeyrstrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

- a. Ríkissjóður 36%.
- b. Hinir tryggðu 32%.
- c. Sveitarsjóðir 18%.
- d. Atvinnurekendur 14%.

#### 24. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lifeyristrygginganna fyrir næsta almanaksár, sem þá þegar skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum.

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skulu ákveðin iðgjöld og framlög næsta árs, samkvæmt 23. gr.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum, sem miðað var við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum og iðgjöldum í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag hefur orðið of hátt eða ekki nógu hátt hjá einstökum þáttökuaðiljum samkvæmt 23. gr., skal áætlað framlag hlutaðeigandi aðila fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

#### 25. gr.

Framlag ríkissjóðs til lifeyristrygginganna samkvæmt 23. og 24. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

#### 26. gr.

Iðgjöld samkvæmt b-lið 23. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframbærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu, ef hreinar tekjur þeirra á skattárinu hafa eigi verið hærri en kr. 15 000.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 25 000.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 6 000.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem ekki hefur haft aðrar tekjur en batur samkvæmt lögum þessum.

Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst einum tíunda herra en karla.

Félagsmálaráðuneytið ákveður iðgjöldin með reglugerð fyrir næsta ár, um leið og það staðfestir áætlun trygginganna, sbr. 24. gr. 2. málsg., að fengnum tillögum tryggingaráðs.

#### 27. gr.

Framlagi sveitarfélaga skal skipta niður á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga á eftirfarandi hátt:

- a. Tveim fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við sam- anlögð útgjöld lifeyristrygginganna í hverju umdæmi fyrir sig árið áður.
- b. Tveim fimmtu hlutum í hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga, og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali.
- c. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu um síðustu áramót.

Innan hvers sýslufélags skiptist framlagið á milli sveitarfélaganna, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

- a. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
- b. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
- c. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu um síðustu áramót.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til lifeyristrygginga miðast við, þegar framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan sýslufélags, sbr. b-lið, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

Framlög sveitarfélaganna skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlaframlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt framansögðu.

Ríkissjóður ábyrgist framlög sveitarfélaganna.

Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjá mánuði, skal það frá gjalddaga greiða dráttarvexti, er séu 1% hærri en hæstu útláns-vextir banka á hverjum tíma.

#### 28. gr.

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 23. gr. d., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 31. gr., með iðgjöldum miðuðum við vinnuvikur, unnar í þjónustu þeirra. Sé um tímavinnu að ræða, telst vinnuvikan 48 stundir. Iðgjald þetta greiða og bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreið í atvinnuskyni. Upphæð iðgjalds skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Í reglugerð skal og ákveða, hversu meta skuli til vinnuvikna störf foreldra, sem dveljast og starfa á heimilum barna sinna eða fósturbarna, störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglinga, gamalmenna og öryrkja, sem dveljast og vinna hjá vandalausum án verulegrar kaupgreiðslu.

### III. KAFLI

#### Slysatryggingar.

##### A. Almenn ákvæði.

#### 29. gr.

Slys er það samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær, sbr. þó 2. málsg. 34. gr.

Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

Til slysa teljast sjúkdómar, er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu, sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

Ákveða skal með reglugerð, að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

#### 30. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskyldt samkvæmt þessum kafla, skal atvinnurekandi, eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því, að tilkynningarskyldunni sé fullnægt, og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra, ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum,

Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur, þó að lengri tími líði, ef atvik eru svo ljós, að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði, er máli skipta.

#### 31. gr.

Slysatryggðir samkvæmt lögum þessum eru:

- a. Launþegar.
- b. Nemendur við iðnnám samkvæmt lögum nr. 46/1949.
- c. Stjórnendur aflvéla og ökutækja, er þeir hafa umráð yfir, sbr. 5. málsg. 40. gr.
- d. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar.
- e. Þeir, sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Undanskilin slysatryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna, sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar, hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

#### 32. gr.

Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram á skattframtali í byrjun árs, að tryggingar sé ekki óskað:

- a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12—16 ára.
- b. Atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
- c. Launþegum, sem að staðaldri vinna störf, sem falla undir ákvæði 3. málsg. 31. greinar.

Atvinnurekendur samkvæmt b-lið geta tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta með því að skrá á skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.

#### B. Bætur.

#### 33. gr.

Slysatryggingarnar taka til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

#### 34. gr.

Ef bótaskyld slys veldur sjúkleika og vinnutjóni minnst 10 daga, skal greiða hinum slasaða nauðsynlega læknishjálp og sjúkrahúsvist frá þeim tíma, er slysið vildi til, svo og nauðsynlegan lyfja- og umbúðakostnað. Læknishjálp og sjúkrahúsvist greiðist eftir gjaldskrá, sem staðfest er af heilbrigðismálaráðuneytinu, ef ekki er öðruvísi um samið. Auk þess er heimilt að greiða fyrir sjúkraleikfimi, hjúkrun í heimahúsum og flutning á slösuðum mönnum fyrst eftir slys, enda séu slíkar aðgerðir taldar nauðsynlegar að dómi tryggingayfirlæknis.

Nú veldur slys ekki óvinnuhæfni í 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki fæst greiddur af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, og getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfelli.

#### 35. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.



Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru kr. 86.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 76.00 fyrir aðra og kr. 10.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis, sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr  $\frac{3}{4}$  af vinnutekjum bótagæga við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð, og mega ekki, ásamt vinnutekjum, nema meiru en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið, hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda, sem tryggð eru samkvæmt a-lið 1. málsg. eða 2. málsg. 32. gr.

Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum, og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna.

#### 36. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, er fyrir því varð, örorkulífeyri eftir reglum 13. gr., síðustu málsg., eða örorkubætur í einu lagi.

Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Nú er örorka metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 16 ára, sem voru á framfæri bótagæga, þegar slysið bar að höndum, eftir reglum 37. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, en sé orkutapið minna, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.

Ef orkutap er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda um tiltekið árabíl, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

#### 37. gr.

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- a. Ekkja eða ekill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 2 000.00 á mánuði í 8 ár, þó aldrei hærri mánaðargreiðslu en sem svarar  $\frac{3}{4}$  af vinnutekjum hins látna við þá vinnu, er hann stundaði, þegar hann varð fyrir slysinu, sbr. 4. málsg. 35. gr. og 5. málsg. 50. gr. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekill stofni til hjúskapar á ný.
- b. Ef ekkja eða ekill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkvæmt a-lið lífeyrir til 67 ára aldurs, kr. 18 240.00 á ári miðað við 65 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 65 ára aldur, og 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflið fellur niður, ef bótagægi gengur í hjónaband á ný.
- c. Barnalífeyrir, kr. 8 400.00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 16. gr.
- d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 25 000.00 og allt að kr. 75 000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.

e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 25 000.00 og allt að kr. 75 000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi lægri vera samanlagt en kr. 35 000.00 fyrir hvert einstakt slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 35 000.00, sem skiptist á milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkvæmt c-lið, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsg. 36. gr. vegna sama slyss.

#### 38. gr.

Verði breyting á dagvinnukaupi almennra verkamanna í Reykjavík, er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta dagpeningum samkvæmt 35. gr. og greiðslum samkvæmt a-, d- og e-lið 37. gr. í samræmi við það.

#### 39. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukagjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dagpeningar eru greiddir samkvæmt 35. gr., einnig fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

### C. Tekjur.

#### 40. gr.

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 31. gr. skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömu leiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 32. gr. standa skil á iðgjöldum sínum.

Upphæð iðgjalda til slysatrygginga ber að miða við slyshættuna. Skal skipta fyrirtækjum í áhættuflokka og ákveða iðgjald fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Ákvörðun iðgjalda skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna.

Ef rekstrarhættir veita tilefni til, má skipta fyrirtæki í deildir við iðgjaldaákvörðun, og heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar sérstaklega stendur á, að taka tillit til skiptingar starfsfólks eftir starfsgreinum og ákveða iðgjald samkvæmt því.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjald fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Í þeirri reglugerð skal setja ákvæði um, hvernig meta skuli til vinnuvikna störf maka atvinnurekanda og barna hans innan 16 ára aldurs, sbr. 32. gr., og setja má þar ákvæði um, að meta skuli störf þess fólks, er um ræðir í síðasta málslið 28. gr., á sama hátt og gert verður í reglugerð samkvæmt þeirri grein.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisafvéla.

IV. KAFLI  
Sjúkratryggingar.  
A. Almenn ákvæði.

41. gr.

Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs og með samþykki hlutaðeigandi sjúkrasamlagsstjórna, að eitt og sama sjúkrasamlag annist sjúkratryggingarnar í fleiri hreppum innan sömu sýslu, eða í kaupstað og nærliggjandi hreppum. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags.

Nú samþykkja a. m. k.  $\frac{2}{3}$  hlutar sjúkrasamlagsstjórna í sama lögsagnarumdæmi að sameinast í eitt sjúkrasamlag, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum tryggingaráðs, ákveðið sameiningu allra samlaga umdæmisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

42. gr.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar tvo eða fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður.

Standi fleiri en eitt sveitarfélag að sjúkrasamlagi, skulu þau hvert um sig kjósa einn mann í stjórnina, en verði tala stjórnarnefndarmanna þá jöfn, skal sveitarfélag það, sem flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa tvo menn. Nú sameinast öll sjúkrasamlög í lögsagnarumdæmi í eitt sjúkrasamlag, sbr. 3. málsg. 41. gr., og skal þá sýslunefnd kjósa 4 menn í stjórn samlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagsjóði.

43. gr.

Í hverju sýslufélagi skal vera héraðssamlag. Ráðherra getur þó ákveðið, að héraðssamlag nái til fleiri sýslufélaga. Öll sjúkrasamlög á svæði héraðssamlags skulu eiga hlut að því samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir. Heimilt er sjúkrasamlagi kaupstaðar að gerast aðili að héraðssamlagi því, sem svæði á næst kaupstaðnum, enda sé ósk um það sett fram með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við áramót.

Ekki skal þó vera héraðssamlag í sýslu, ef öll sjúkrasamlög í sýslunni hafa sameinast í eitt sjúkrasamlag, sbr. 3. málsg. 41. gr.

Samþykktir héraðssamlags skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

44. gr.

Formaður héraðssamlags er sýslumaður hlutaðeigandi sýslufélags, eða — séu fleiri valdsmenn á svæðinu — sá þeirra, sem félagsmálaráðherra til þess skipar. Sýslunefnd kýs til viðbótar tvo menn í stjórnina. Nái héraðssamlag til meira en eins sýslufélags, kýs hver sýslunefnd eða bæjarstjórn einn mann í stjórnina.

Tryggingastofnunin ákveður þóknun stjórnarinnar að fengnum tillögum hennar.

45. gr.

Hlutverk héraðssamlaga er:

- a. Að tryggja samlagsmönnum sjúkrasamlaganna í umdæminu sjúkrahúsvist samkvæmt ákvæðum a-liðs 1. málsg. 49. gr. að undanteknum fyrstu 30 dögum sjúkrahúsvistar hvers samlagsmanns á hverjum 12 mánuðum.

- b. Að sjá um greiðslu sjúkradagpeninga eftir úrskurðum samlagsstjórna.
- c. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna, gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag og senda Tryggingastofnuninni hvort tveggja árlega.
- d. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál í umdæminu.

Rekstrarkostnaði héraðssamlags og sjúkrahúskostnaði, sem það tryggir, skal skipt milli hlutaðeigandi sjúkrasamlaga í hlutfalli við fjölda samlagsmanna. Skulu reikningsskil milli sjúkrasamlaga og héraðssamlaga fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

#### 46. gr.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna samkvæmt 55. gr. greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Héraðssamlag greiðir hverju sjúkrasamlagi innan héraðssamlagsins sinn hluta framlagsins að frádregnum sjúkradagpeningum, sem stjórn sjúkrasamlagsins hefur úrskurðað, og þeim hluta rekstrarkostnaðar samlagsins og sjúkrahúskostnaðar, sem það tryggir, er í hlut sjúkrasamlagsins kemur samkvæmt 45. gr.

### B. Bætur.

#### 47. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkvæmt 54. gr. í því samlagi, er starfar þar, sem hann á lögheimili. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78/1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuþla, taka til, á meðan þeir dveljast í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframbærslunnar.

Börn samlagsmanna, þar með talin stjúpborn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Sömu aðstöðu og fósturbörn skulu í þessu sambandi hafa börn, sem fara til dvalar um ótiltekinn langan tíma á heimili samlagsmanns, hvort sem greitt er með þeim eða ekki og hver sem foreldraráðin hefur að lögum. Séu foreldrar (fósturforeldrar) samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum, sbr. þó lög nr. 68 27. apríl 1962. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

#### 48. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur eða flytjast milli samlaga samkvæmt 53. gr., öðlast réttindi án biðtíma. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 74. gr., skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því, að iðgjaldagreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu, aðeins gilda um rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga. Maður, sem verður tryggingarskyldur að aflokinni dvöl í sjúkrahúsi eða hæli, sbr. 1. málsg. 47. gr., fær þó full réttindi án biðtíma.

#### 49. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:

- a. Ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samning við, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum, svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Samlag greiðir þó ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls vegna ellikramar og alvarlegra, langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78/1936 taka til.

- b. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.
- c. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
- d. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að  $\frac{3}{4}$  eða  $\frac{1}{2}$ , enda séu lyfin á lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.
- e. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að  $\frac{3}{4}$  samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
- f. Sjúkradagpeninga samkvæmt 50. gr.
- g. Dvöl umfram 9 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, influensa, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla dagpeninga vegna slíkra sjúkdóma, ef faraldurinn er yfirgripsmikill, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálpu vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysdagpeningar samkvæmt 35. gr.

#### 50. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er 16 ára eða eldri og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og kaup hans eða aðrar vinnutekjur falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvist er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Launþegar og einyrkjar njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga, en atvinnurekendur frá og með sjöttu sjúkraviku. Atvinnurekandi telst í þessu sambandi hver sá, sem kaupir svo mikla vinnu, að honum beri að greiða gjald samkvæmt 28. gr. af meiru en 52 vikum. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, þegar lækni er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 68.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 60.00 fyrir aðra og kr. 8.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Um hámark sjúkradagpeninga sjá 49. gr., síðustu málsg.

Sjúkradagpeningar mega þó ekki vera hærri en sem nemur  $\frac{3}{4}$  þeirra vinnutekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Skal í þessu sambandi að jafnaði höfð hliðsjón af tekjum hans síðustu tvo mánuðina, áður en veikindin hófust. Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu í þessu sambandi metnar jafnar lífeyrisupphæð samkvæmt 13. gr.

Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað sjúkrasamlags síns, og má þá lækka dagpeninga hans um allt að þriðjung, ef hann á heimili sínu hefur fyrir öðrum að sjá, ella allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum. Dagpeningar húsmóður, sem ekki hefur unnið utan heimilis, lækka þó ekki frá því, sem ákveðið er í næstu málsgrein hér á undan.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaförföllum, og renna þá dagpeninga-greiðslur samkvæmt 4. málsg. þessarar greinar til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga, áður en verkfall hófst.

#### 51. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkra-samlög gera við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á-kvæðum 49. gr. Samningar, sem gilda fyrir samlög almennt eða tiltekinn flokk sam-laga, eru þó að jafnaði gerðir af Tryggingastofnuninni fyrir hönd viðkomandi sam-laga. Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kaupþúni eða kaupstað, getur sjúkra-samlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gild-andi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á, samkvæmt 49. gr. b. og c., en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi, enda skal þá framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs til samlagsins samkvæmt 55. gr. ekki lækka, nema tryggingaráð leggi það til og ráðherra samþykki. Þó skal sjúkrasam-lagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar sam-kvæmt 49. gr. b. og c., til hagsbóta hinum tryggðu með þátttöku í lækniskostnaði eða á annan hátt.

Ef ekki næst samkomulag við opinber sjúkrahús um daggjald, ákveður heil-brigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu. Á sama hátt skal heilbrigðismálaráðuneytið, ef Tryggingastofnunin óskar þess, ákveða daggjald, er opinberu sjúkrahúsi sé rétt að taka af utanhéraðsmönnum, enda þótt ekki hafi verið leitað samninga um það. Sé um einkasjúkrahús að ræða, getur Trygg-ingastofnunin ákveðið, að samlag endurgreiði sjúklingum tiltekna upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

Breyting á daggjaldi opinbers sjúkrahúss tekur ekki gildi fyrr en að tveim mánuðum liðnum frá því, að hún er tilkynnt Tryggingastofnuninni eða hlutaðeig-andi samlögum.

#### 52. gr.

Nú er samlagsmanni nauðsyn að leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og skal þá samlag hans greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upp-hæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu. Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálpar, sem samningarnir fjalla um.

#### 53. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingarskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nán-ari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga og um greiðslu sjúkrakostnaðar, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í sam-ræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta læknishjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

### C. Tekjur.

#### 54. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tilögum sjúkrasamlagsstjórnar og umsögn stjórnar héraðssamlags þess, sem sjúkrasamlagið er aðili að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlagi, sbr. 47. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

#### 55. gr.

Ríkissjóður greiði framlag til sjúkrasamlaga, sem nemur upphæð greiddra iðgjalda að viðbættum  $\frac{1}{10}$  hluta (110%). Hlutaðeigandi sveitarsjóður greiði framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur helmingi greiddra iðgjalda. Greiddast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt fé á næsta ársfjórðungi á undan. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálf t eða heilt ár, greiddast framlögin í samræmi við það.

## V. KAFLI

### Sameiginleg ákvæði.

#### A. Um bætur.

#### 56. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálpar til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

- a. Bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 19. gr.
- b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkvæmt 19. gr. og dagpeningar.
- c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkvæmt 19. gr. og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
- d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjullífeyrir.
- e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögnum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysstrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysstryggingum.

Ef elli-, örorku- eða ekkjullífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframsærslan greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að

greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikróm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

#### 57. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfolk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

#### 58. gr.

Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

#### 59. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af ölvun, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vitaverðu hirðuleysi eða gáleysi, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrir-mælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

#### 60. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða bætur.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

#### 61. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurdaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, og lífeyrir samkvæmt III. kafla reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir, að bótaréttur er fyrir hendi, og falla niður í lok þess mánaðar, er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurdaðar lengra aftur í tímann en 2 ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurdaðir lengra aftur í tímann en 2 mánuði, en heimilt er sjúkrasamlagsstjórn að lengja þetta tímabil í allt að 6 mánuði í tilvikum, þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

#### 62. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma, og ekki er skylt að greiða eins og tveggja barna fjölskyldubætur oftan en fjórum sinnum á ári. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurdaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.



**63. gr.**

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkvæmt 1. málsg. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlagsstjórn látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

**64. gr.**

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, sem hann eða hún ber ábyrgð á vegna ásetnings eða gáleysis eða samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi framsal. Endurkröfuretturinn gildir þó ekki gagnvart atvinnurekanda, að því er varðar bætur vegna slysa, er starfsmenn hans verða fyrir, nema hann eða trúnaðarmenn hans hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

**65. gr.**

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsg. 56. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

**66. gr.**

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

**67. gr.**

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 35 30. maí 1960, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðzt rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag samkvæmt 14. gr. nefndra laga. Sjúkrasamlög eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili samlagsmanna.

**B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.**

**68. gr.**

Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. skulu lögð á þar, sem gjaldendur eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá 1. desember næstan á undan. Tekur álagningin til þeirra, sem í byrjun gjaldársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skattstjóri skal leggja iðgjöldin á og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1962, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin eftir því, sem við á. Skal skattstjóri senda Tryggingastofnun ríkisins eintak af gjaldskrá þeirri, er hann lætur innheimtumanni í té.

**69. gr.**

Iðgjöld samkvæmt 28. gr. og 40. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1962, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin eftir því, sem við á, sbr. og ákvæði 68. gr. um

gjaldskrá. Iðgjöld þessi skulu lögð á í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af öikumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni menn, sem slysatryggðir skulu samkvæmt 31. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgr. 40. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

#### 70. gr.

Kæra má iðgjaldaálagningu skattstjóra samkvæmt 68. og 69. gr. til ríkisskattnefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Ákvæði 42. gr. laga nr. 70/1962 skulu gilda um endurskoðun og leiðréttingar gjaldskrár samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjald dagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

#### 71. gr.

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 69. gr. um iðgjöld af lögskráðum sjómönnum og öikumönnum bifreiða og ákvæði 3. málsgr. þessarar greinar. Skulu ákvæði laga nr. 70/1962, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álgðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalda hjá tilteknum ríkisstofnunum og framlaga sveitarsjóða í einstökum lögsagnarumdæmum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna eða þeirra aðila, sem þau hafa falið innheimtuna samkvæmt samningi, sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

Um gjald fyrir innheimtu iðgjalda til lífeyris- og slysatrygginga fer eftir launalögum eða samningum samkvæmt lögum nr. 68/1962.

#### 72. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupþessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess, að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ekki ber að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 15 000.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 25 000.00,

ef um hjón er að ræða, og kr. 6 000.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingarnar greiða sjúkrasamlagsgjöld þeirra, sem njóta örorkulífeyris, svo og þeirra, sem rétt eiga til bóta samkvæmt 10. gr. og eru orðnir 67 ára að aldri. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvort annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

#### 73. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtuaðili eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir af iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til þess, er kröfu gerði. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein og viðurlög við vanrækslu skulu sett með reglugerð.

#### 74. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 54. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 48. gr., sbr. þó 5. gr. laga nr. 68/1962. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundradshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 18. gr., bætur samkvæmt 19. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

#### 75. gr.

Iðgjöld samkvæmt 28. gr., 40. gr. og 54. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 28. og 40. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

### C. Önnur ákvæði.

#### 76. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag samkvæmt 1. málsg. 24. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum og rekstrarafgangur, en rekstrarhalli skal tekinn úr varasjóðnum. Vörzlufé Tryggingastofnunarinnar skal vera í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyristryggingar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánnum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

77. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaráðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

78. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

- a. Kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
- b. Gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.
- c. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.
- d. Allt að einni milljón króna á ári til sjúklinga í utanfararstyrki, sem framlag er ákveðið til í fjárlögum, í framlög til læknavitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknavitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknavitjanasjóðir. Úthlutun fjárens ákveður tryggingaráð að fengnum tilögum landlæknis, nema að því er varðar framlög til sjúkrasamlaga.

79. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir meðlag samkvæmt 1. málsg., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir 76. gr. framfærslulaga.

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna meðlags, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Verði vanskil af hálfu meðlagsskylds aðila, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur, veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkvæmt 76. gr. framfærslulaga. Skal Tryggingastofnunin svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 12 mánaða frá greiðslu meðlagsins bera fram kröfu um endurgreiðslu á hendur framfærslusveit barnsföður, og skal hún þá greiða skuldina innan 6 mánaða frá móttöku kröfunnar.

Nú vanrækir framfærslusveit að sinna kröfunni, og getur þá Tryggingastofnunin krafist ríkissjóð greiðslu samkvæmt 50. gr. framfærslulaga, en þó skulu slíkar kröfur gerðar eigi síðar en tveim árum eftir, að krafan hefur verið send framfærslusveit. Nánari ákvæði um endurgreiðslu setur ráðuneytið með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

80. gr.

Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni auk fæðingarstyrks samkvæmt 18. gr. allt að kr. 1000.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá

Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi á sama hátt og í 79. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

81. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

82. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskirteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

83. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenskra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

84. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

85. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 25 000.00 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24/1956, lög nr. 13/1960, lög nr. 86/1960, lög nr. 95/1961, lög nr. 18/1962 og lög nr. 89/1962.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Ellí-, örorku-, ekkju- og barnalífeyrir, sem vegna afnáms 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 24/1956 verður greiddur eftir 1. janúar 1964, skal koma til frádráttar tilsvarendi lífeyri úr viðkomandi lífeyrissjóði. Þegar ákveða skal ellilífeyri sjóðfélaga, sem nýtur eftirlauna úr sjóðnum í árslok 1963, skal frestun, sbr. 2. og 3. málsgr. 12. gr., reiknuð eftir því, hvenær eftirlaun úr sjóðnum voru úrskurðuð í fyrsta sinn.

Þegar niður fellur í árslok 1963 iðgjaldslækkun samkvæmt 85. gr. laga nr. 24/1956, skulu félagsmenn þeirra lífeyrisjóða, sem þar um ræðir, eiga kröfu á, að lífeyrissjóðirnir endurgreiði þeim frá sama tíma 70% iðgjalds til lífeyristrygginga, sbr. 23. og 26. gr.

Lífeyrissjóðir þeir, sem nefndir eru í 2. málsgr., skulu greiða lífeyristryggingunum með vöxtum iðgjöld þau, er sjóðfélagarnir hafa fengið undanþágu frá að greiða, en að frádregnum þeim lífeyri, sem sjóðirnir hafa sparað tryggingunum að greiða. Ráðherra setur nánari reglur um, hvernig uppgjöri þessu við Tryggingastofnunina og útreikningi skuli hagað, og má dreifa greiðslum með jöfnum árgreiðslum á allt að 10 ár.

Með breytingum á reglugerð lífeyrissjóðs, sem notið hefur viðurkenningar Tryggingastofnunar ríkisins, er heimilt að ákveða, að sjóðurinn verði eftir 1. janúar 1964 viðbótarsjóður við almannatryggingar, þannig að frádráttur lífeyris og endurgreiðsla iðgjalds til sjóðfélaga, sbr. 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, falli niður, er reglur sjóðsins um bætur og iðgjöld hafa verið endurskoðaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### A. Starf endurskoðunarnefndar.

##### I. Skipun nefndarinnar og breytingar á almannatryggingalögum 1960—1962.

Hinn 12. september 1960 skipaði Emil Jónsson, félagsmálaráðherra, nefnd til þess að endurskoða í heild lögin um almannatryggingar.

Í nefndina voru þessir skipaðir: Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður, frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri. Í nóvembermánuði 1962 tilnefndi ráðherra enn fremur Björgvin Sigrurðsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, til að taka sæti í nefndinni, þegar rætt væri um slysatryggingar. Með nefndinni hefur starfað Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, og hefur hann verið ritari hennar.

Þar eð ákvæði 22. gr. almannatryggingalaganna nr. 24/1956 um skerðingu lífeyris vegna annarra tekna lífeyrisþega giltu aðeins til ársloka 1960, varð nefndin sammála um að láta lagabreytingar þær, sem hún taldi rétt að gera og voru í beinu sambandi við niðurfellingu skerðingarákvæðanna, sitja í fyrirrúmi, en halda síðan áfram starfi sínu að öðru leyti. Samdi hún lagafrumvarp, sem samþykkt var sem lög á Alþingi í desember 1960 (lög nr. 86/1960).

Í október 1962 samdi nefndin frumvarp til laga, þar sem gert var ráð fyrir annarri veigamikilli breytingu á almannatryggingalögunum, þ. e. að skipting landsins í tvö verðlagssvæði skyldi falla úr gildi og bætur almannatrygginga verða frá 1. janúar 1963 hvarvetna á landinu hinar sömu og þær voru áður á fyrsta verðlagssvæði. Var frumvarp þetta samþykkt sem lög á Alþingi í desember 1962 (lög nr. 89/1962).

Um framangreind frumvörp skirskotast til athugasemda, er frumvörpunum fylgdu.

Þann tíma, sem nefndin hefur starfað, hefur tvivegis verið ákveðin hækkun bóta til samræmis við hækkun launa opinberra starfsmanna, í fyrra skiptið með lögum nr. 95/1961, og hækkuðu bætur samkvæmt þeim um 13,8% frá 1. júlí 1961 og um 4% til viðbótar frá 1. júní 1962, en í síðara skiptið með áður nefndum lögum nr. 89/1962. Síðartalda hækkunin nam 7% frá 1. júní 1962 og tók einungis til elli- og örorkulífeyris, þar eð í athugun var hjá nefndinni hlutfallið milli ýmissa annarra bótategunda með tilliti til betra samræmis en nú er. Loks skal getið breytingar, sem gerð var á lögum nr. 18/1962, en í henni fólst hækkun á greiðslum sjúklinga fyrir almenna læknishjálp ásamt nýjum ákvæðum um samninga sjúkratrygginga við lækna.

#### II. Þingmál, sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

Af málum þeim, sem nefndin hefur tekið fyrir, eru nokkur, sem áður hafa verið til afgreiðslu á Alþingi og ýmist afgreidd þar með rökstuddri dagskrá eða send nefndinni af ríkisstjórninni. Verða þau talin hér á eftir.

1. Þingsályktun um tillit til framfærslukostnaðar námsfólks í sköttum og tryggingum, samþykkt á Alþingi 27. marz 1961. Þingsályktunin hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvernig hægt sé að taka réttlátt tillit til kostnaðar af framfærslu námsfólks yfir 16 ára að aldri í trygginga- og skatta-iöggjóf landsins.“

Nefndin telur, að af hálfu almannatryggingalaga kæmu tvenns konar breytingar til greina í þessu sambandi, annars vegar hækkun lágmarksaldurs þess (16 ár), sem iðgjaldgreiðsla til lífeyristrygginga er bundin við, og hins vegar greiðsla barnalífeyris og fjölskyldubóta lengur en til 16 ára aldurs barna. Fyrri leiðin mundi hafa í för með sér fækkun iðgjaldsgreiðenda og þar með hækkun ársiðgjalda hinna

tryggðu, sbr. 24. og 27. gr. laga nr. 24/1956 með síðari breytingum, en með hliðsjón af 2. mgr. 76. gr. laganna er ávinningur námsfólks af slíkri breytingu vafasamur. Nefndin telur síðari leiðina athugunar verða, einkum sem heimildarákvæði, en henni hefur þótt rétt að láta aðrar breytingar sitja í fyrirrúmi að þessu sinni.

**2. Þingsályktun um verðtryggingu lífeyris, samþykkt á Alþingi 11. apríl 1962.** Þingsályktun þessi hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig framkvæma megi verðtryggingu frjálsra lífeyrstrygginga, bæði lífeyrissjóða verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka og lífeyristrygginga á vegum einstaklinga. Verði niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþingi.“

Nefndin er þeirrar skoðunar, að mikilvægt sé, bæði frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði, að leitast verði við að draga sem mest úr þeirri verðryrnun á fé lífeyrissjóða, sem átt hefur sér stað undanfarna tvo áratugi. Hefur hún valdið því, að líftryggingar og lífeyristryggingar tryggingafélaga eru óverulegar hér á landi gagnstætt því, sem víða á sér stað erlendis, og fullyrða má, að með óbreyttri þróun komi erfiðleikar lífeyrissjóðanna æ betur í ljós. Þar eð hér er um að ræða mál, sem nauðsynlegt er að athuga rækilega, bæði frá efnahagslegu og tryggingalegu sjónarmiði, en hugsanlegar ráðstafanir yrðu án efa ekki gerðar með breytingum á almannatryggingalögum, hefur nefndin ekki treyst sér til að vinna að þessu máli samtímis endurskoðun þeirra.

**3. Frumvarp um fjölskyldubætur, flutt af Gunnari Jóhannssyni og Lúðvík Jósefssyni.** Um frumvarp þetta og afgreiðslu þess skirskotast til þess, sem segir í III., 3. hér á eftir.

**4. Frumvarp um slysatryggingu íþróttamanna, flutt af Inga R. Helgasyni og Geir Gunnarssyni.** Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum og orðið er 16 ára, skuli slysatryggt hjá almannatryggingum á sama hátt og launþegar, og skyldu íþróttafélög greiða  $\frac{1}{4}$  af iðgjöldum, en ríkissjóður  $\frac{3}{4}$ . Alþingi afgreiddi frumvarpið með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að félagsmálaráðherra riti nefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun vissra atriða í tryggingalöggjöfinni, og leggi fyrir hana að taka einnig til athugunar og gera tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Slysatrygging íþróttamanna hefur um langt skeið verið meðal baráttumála í þróttasamtakanna, og hún hefur áður verið rædd við endurskoðun almannatryggingalaga. Í 42. gr. laganna frá 1956 er kveðið svo á, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að taka að sér slysatryggingu íþróttamanna við keppni og æfingar. Má í því sambandi geta þess, að fyrir rúmum tveimur árum gerði Tryggingastofnunin Íþróttasambandi Íslands að beiðni þess tilboð um tryggingu allra iðkenda innan Í. S. Í. Tilboði þessu var ekki tekið, og munu fjárhagslegir örðugleikar hafa valdið, svo og hitt, að Í. S. Í. mun hafa haft í hyggju að koma á fót eigin slysatryggingasjóði.

Í Reykjavík hefur um nokkurra ára skeið starfað slysatryggingasjóður á vegum íþróttahreyfinarinnar, enda hefur þar verið fundinn fjárhagslegur grundvöllur fyrir slíkan sjóð. Í. S. Í. hefur beitt sér fyrir stofnun tilsvarendi sjóðs vegna íþróttamanna utan Reykjavíkur, en málið er þar örðugra viðfangs af fjárhagslegum ástæðum.

Af framanrituðu virðist ljóst, að hér sé um að ræða vandamál fjárhagslegs eðlis. Ef lausn fengist á þeim, telur nefndin af ýmsum ástæðum heppilegra, að aukið verði og bætt bótakerfi slysatryggingasjóða íþróttamanna sjálfra í stað þess að taka upp ákvæði í almannatryggingalögum um skyldutryggingu þeirra. Hefur hún því ekki gert tillögur um efnisbreytingu á lögum að þessu leyti.

**5. Frumvarp um fæðingarorlof, flutt af Margréti Sigurðardóttur.** Í frumvarpinu var gert ráð fyrir, að öllum konum, sem laun taka fyrir vinnu sína, skyldi veitt 90 daga orlof með launum við barnsburð. Til þess að standa undir útgjöldum til

slíkra orlofslauna skyldi fjár að hálfu leyti aflað með almennum launaskatti, er miðaðist við fjölda vinnuvikna hvers launþega og greiddur væri af atvinnurekend- um, en að hálfu leyti með framlögum úr ríkissjóði.

Alþingi vísaði máli þessu til ríkisstjórnarinnar, og síðan hefur félagsmálaráð- herra fengið nefndinni það til athugunar með tilliti til þess, hvort rétt þætti að gera breytingar í þessa átt á almannaryggingalögum.

Í almannaryggingalögum frá 1946 var ákvæði um sérstakan þriggja mánaða fæðingarstyrk, er greiddur skyldi mæðrum, sem stunduðu vinnu utan heimilis. Styrkur þessi var lágur í hlutfalli við almenn laun og skyldi því aðeins greiddur giftri konu, að maður hennar gæti ekki séð heimilinu farborða. Ákvæði þetta, sem mjög fljótlega var fellt úr gildi, var þess vegna ólíkt því, sem gert var ráð fyrir í frumvarpi því, sem hér um ræðir. Fram til ársins 1958 var hins vegar í almanna- tryggingalögum ákvæði þess efnis, að fastir starfsmenn skyldu aldrei missa neins í af launum sínum fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfölluðust frá vinnu sökum sjúk- dóma eða slysa, sbr. 86. gr. laga nr. 24/1956. Með lögum nr. 16/1958 um rétt verka- fólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, var ákvæði þetta tekið út úr almannatrygginga- lögum. Þegar af þeirri ástæðu telur nefndin ekki rétt, að í almannatrygginga- lögum verði nú sett ákvæði um launagreiðslur vegna fæðingarorlofs.

Um efnishlið málsins má segja, að eðlilegt sé, að konur, sem eru launþegar, en eiga ekki rétt á launum, meðan forföll vegna fæðingar eiga sér stað, vilji tryggja sér sama rétt og stallsystur þeirra í þjónustu ríkisins eiga. Hins vegar greiðir ríkið launin sem vinnuveitandi kvenna þeirra, sem í hlut eiga, og er því hugmynd sú um tekjuöflun, sem fram kemur í frumvarpinu, mjög frábrugðin því, er þar gildir. Þegar um er að ræða bætur almannatrygginga, sem fjár er aflað til af almannafé eða með almennu atvinnurekendagjaldi, hlýtur afstaða manna að mótast að nokkru leyti af því, hvort stór hópur þeirra, sem eins illa eða jafnvel verr eru settir fjár- hagslega en þeir, sem bótarétt eiga, er utan við trygginguna. Nægir í þessu sam- handi að benda á konur, sem starfa með mönnum sínum að atvinnurekstri, og hús- mæður á stórum heimilum, sem mikla þörf hafa fyrir aðkeypta heimilisaðstoð vegna barnsburðar.

Fjölmenn verkalýðsfélög, sem hafa konur innan vébanda sinna og gert hafa samninga við vinnuveitendur um greiðslur í sjúkrasjóði, hafa tekið upp greiðslu fæðingarstyrks, og gæti þetta verið visir að fullum launagreiðslum, meðan á fæð- ingarorlofi stendur.

Með hliðsjón af framanrituðu mælir nefndin með, að stefnt verði að hækkun fæðingarstyrks frá því, sem nú er, og telur hækkun þá, sem lagt er til, að ákveðin verði að þessu sinni, spor í þá átt.

6. Frumvarp um, að landið skyldi verða eitt verðlagssvæði, breytt örorkulíf- eyrisákvæði og vísitölugreiðslur á bætur almannatrygginga, flutt af Alfreð Gísla- syni, lækni, og Birni Jónssyni. Alþingi vísaði máli þessu til ríkisstjórnarinnar. Áður hafði nefndin með bréfi, dags. 22. nóvember 1961, að beiðni félagsmálanefndar efri deildar Alþingis látið í té umsögn um frumvarpið. Þar eð verðlagssvæðaskipting hefur verið numin úr lögum, er óþarft að ræða hér fyrstnefnda atriði frumvarps- ins. Um annað atriðið, breytt ákvæði um örorkulífeyri, segir svo í umræddu bréfi nefndarinnar:

„Það er rétt, sem fram kemur í greinargerð fyrir frumvarpinu, að í lögum um almannatryggingar er gerður munur á örorku, hvað bætur snertir, eftir því, hvort vinnuslys eða sjúkdómur hefur valdið henni. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að þessi munur haldist að nokkru leyti. Að þessu leyti má skipta öryrkjum í þrjá flokka, þ. e.:

- a) Örorka yfir 75%. Þessir öryrkjar fá fullan lífeyri, hvort sem um almenna ör- orku eða slysaörorku er að ræða.



- b) Örorða 50—75%. Heimilt er að greiða örorkustyrk, ef um almenna örorku er að ræða, en greiða skal skertan lífeyri (50—100%), ef um slysaörorku er að ræða.
- c) Örorða 15—49%. Engar bætur, ef um almenna örorku er að ræða, en skertur lífeyrir (15—49%), greiddur í einu lagi, ef um slysaörorku er að ræða.

Að nokkru leyti stafar framangreindur munur vafalaust af eðlismun á tryggingunum. Þótt höfuðmarkmiðið sé að sjálfsögðu að gera öryrkjann hæfan til síns fyrra starfs eða annars starfs við hans hæfi, er það sjónarmið ríkjandi hér, þegar um vinnuslys er að ræða, að hinum slasaða beri að fá bætur fyrir „læknisfræðilegt“ orkutap án tillits til vinnutaps og atvinnurekstrinum beri að standa undir útgjöldum til slíkra bóta. Í sumum nágrannalöndum okkar, einkum í Noregi, hafa viðhorf manna í þessu efni breytzt mjög.

Í slysatryggingunum er örorkustigið að mestu leyti ákvarðað eftir töflum, sem þó koma misjafnlega heim við hið raunverulega orkutap. Telja verður fráleitt að miða almennan örorkulífeyri einhliða við læknisfræðilegt orkutap vegna þess, að margir hafa e. t. v. há laun, þó að heilsufari þeirra sé þann veg háttað, að þeir yrðu metnir öryrkjar, jafnvel á háu stigi, ef örorkan væri aðeins metin með hliðsjón af líkamsástandi þeirra. Þar eð skerðingarákvæði hafa verið numin úr lögum, ættu þeir rétt á örorkulífeyri í hlutfalli við matið, þrátt fyrir miklar launatekjur.

Það er álit nefndarinnar, að endurskoða þyrfti ákvæðin um örorkulífeyri og örorkustyrk, enda verði þá einkum tekið til athugunar 1) auknar ráðstafanir til endurhæfingar, en þær mundu geta haft í för með sér fækkun örorkulífeyrisþega, 2) örorkulífeyrir verði greiddur varanlegum öryrkjum með sama eða svipuðum hætti og nú á sér stað, 3) bætur til þeirra, sem hafa verulega skertar vinnutekjur eða verulegan kostnað vegna fötlunar (komi e. t. v. í stað núgildandi örorkustyrks) og 4) bætur (e. t. v. framhaldsdagpeningar) til þeirra, sem ekki teljast varanlegir öryrkjar, en eru óvinnufærir lengur en dagpeningatíma sjúkrasamlaga.“ Til viðbótar framanrituðu skal tekið fram, að í reglum um úthlutun örorkustyrkja, sem settar voru af tryggingaráði og staðfestar af félagsmálaráðherra 27. nóv. 1961, koma fram sömu sjónarmið og nefnd eru í 3. tölulið bréfsins. Um breytingar í samræmi við 4. tölulið skírskotast til 13. og 50. gr. frumvarpsins og athugasemda við þær.

Um þriðja atriði frumvarpsins segir svo í bréfi nefndarinnar: „Í 71. grein almannatryggingalaganna er kveðið svo á, að á allar bótagreiðslur skuli greiða verðlagsuppbætur samkvæmt vísitölu eftir sömu reglum og greitt er á laun þeirra opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa samkvæmt launalögum. Með lögum nr. 4/1960 um efnahagsmál var tenging kaups við vísitölu framfærslukostnaðar hins vegar numin úr gildi í því skyni að koma í veg fyrir öra verðbólguþróun af völdum víxlhækkana kaupgjalds og verðlags.“

Nefndin telur, að gild rök yrðu að hníga að því, ef annan hátt ætti í þessu efni að hafa um bætur almannatrygginga en laun. Að sjálfsögðu má bæta skert lífskjör bótaþega með öðrum hætti en vísitöluákvæðum, enda hefur á undanförunum árum oft verið erfitt að greina á milli verðlagsuppbóta og raunverulegra kjarabóta.“

7. Frumvarp um hækkun dánar- og örorkubóta slysatrygginga vegna sjómanna, flutt af Geir Gunnarssyni og Hannibal Valdimarssyni. Alþingi vísaði frumvarpi þessu frá með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar, í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingalögum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“ Um þetta mál visast til þess, sem um slysabætur segir í III., 4. hér á eftir.

### III. Helztu viðfangsefni nefndarinnar.

Í I. lið hér að framan er gerð grein fyrir tveimur mikilvægum breytingum, sem nefndin hefur haft til meðferðar og nú eru orðnar að lögum, þ. e. afnámi skerð-

ingarákvæða og ákvæða um skiptingu landsins í tvö verðlagssvæði. Hér verður gerð grein fyrir öðrum helztu viðfangsefnum nefndarinnar.

1. **Almannatryggingar og lífeyrissjóðir.** Í almannatryggingalögunum hefur hingað til verið gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir gætu tekið að sér verkefni almannatrygginga, þannig að félagar þeirra ættu ekki rétt á elli-, örorku-, ekkju- né barnalífeyri almannatrygginga, en í stað þess skuldbyndu sjóðirnir sig til að veita aldrei lægri bætur en þær, sem almannatryggingar mundu ella veita. Iðgjald það, sem félagar slíkra sérsjóða greiða til lífeyristrygginga samkvæmt 27. gr. laga nr. 24/1956, nemur nú 30% af almennu iðgjaldi. Hér er ýmist um að ræða lögboðna sjóði eða sjóði, sem sótt hafa um viðurkenningu Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 85. gr. almannatryggingalaganna. Um rétt sjóðfélaga til bóta almannatrygginga er kveðið á í 2. málsg. 11. gr. laganna.

Auk þeirra lífeyrissjóða, sem þannig koma í stað almannatrygginga, starfa fjölmargir sjóðir sem viðbótarsjóðir við þær, og greiða því sjóðfélagar hinna síðarnefndu fullt iðgjald til lífeyristrygginga. Alls munu nú vera starfandi um 50 lífeyrissjóðir, sem stofnaðir hafa verið með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, sbr. D-lið 13. gr. laga nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt, en af þeim falla 3 lögboðnir sjóðir og 16 sjóðir, viðurkenndir af Tryggingastofnuninni, undir ákvæði 2. málsg. 11. gr. almannatryggingalaga. Meðal þessara 19 sjóða eru margir af fjölmennustu lífeyrissjóðum landsins, svo sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóður Sambands íslenskra samvinnufélaga og Lífeyrissjóður verzlunarmanna.

Eins og áður er sagt, hefur viðurkenning Tryggingastofnunarinnar í för með sér afsal lífeyrisréttinda hjá almannatryggingum, en í staðinn kemur 70% lækkun iðgjalds til lífeyristrygginga. Atvinnurekandi, sem greiðir iðgjöld til lífeyrissjóðs fyrir starfsmenn sína, greiðir hins vegar fullt iðgjald til lífeyristrygginga, og með opinberum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga standa sjóðfélagar undir framlögum þessara aðila til lífeyristrygginga eins og aðrir landsmenn. Þar eð hinir tryggðu bera aðeins 32% af útgjöldum lífeyristrygginga, öðrum en fjölskyldubótum, sbr. 11. gr. laga nr. 13/1960, er því iðgjaldalækkunin lítil miðað við þau réttindi, er menn afsala sér.

Iðgjaldalækkunin gildir ekki fyrir liðinn tíma, áður en viðurkenning sjóðsins eða innganga í hann átti sér stað. Fer það því eftir aldri sjóðfélaga, hve mikils virði lækkunin er. Meðan skerðingarákvæðin giltu um lífeyri almannatrygginga, rákust á hagsmunir hinna eldri starfsmanna og þeirra, sem yngri voru, þegar ákvæða átti, hvort sótt skyldi um viðurkenningu. Hinir yngri lögðu áherzlu á iðgjaldslækkunina, en álitu, að vegna skerðingarákvæðanna gætu þeir aldrei öðlzt neinn lífeyrisrétt hjá almannatryggingum. Hins vegar fannst hinum eldri of mikið í húfi að missa lífeyrisrétt hjá almannatryggingum fyrir nokkurra ára iðgjaldslækkun, og sumir þeirra höfðu jafnvel lokið greiðslum til trygginganna og voru komnir á lífeyrisaldur. M. a. af þessum sökum starfa sumir lífeyrissjóðir í tveimur sjálfstæðum deildum, A- og B-deild, en í þeirri síðarnefndu eru sjóðfélagar, sem komnir eru yfir tiltekinn aldur, er þeir ganga í sjóðinn, og greiða þeir áfram fullt iðgjald til lífeyristrygginga.

Eftir að skerðingarákvæðin eru úr sögunni, má fullyrða, að sjóðfélögum, ungum jafnt sem gömlum, sé hagur að því að halda réttindum sínum hjá almannatryggingum. Þetta er mönnum að verða æ ljósara og hafa undanfarin ár verið stofnaðir margir lífeyrissjóðir, sem ekki hafa óskað eftir viðurkenningu Tryggingastofnunarinnar. Með lögum nr. 13/1960 var sett bráðabirgðaákvæði þess efnis, að Tryggingastofnuninni skyldi, þar til öðruvisi yrði ákveðið, heimilt að fresta frekari viðurkenningu lífeyrissjóða. Ákvæði þetta, sem sett var með tilliti til væntanlegrar endurskoðunar þessara mála, virðist hafa verið óþarft, þar eð þess hefur ekki orðið vart, að neindir sjóðir hafi undanfarin þrjú ár talið æskilegt að fá viðurkenningu.

Margir þeir, sem greitt hafa árum saman til viðurkennds lífeyrissjóðs iðgjald, sem hefur verið miklum mun hærra en sem iðgjaldslækkuninni hjá almannatryggingum nemur, komast að raun um, að lífeyrisréttur þeirra verður engu meiri en

hann hefði orðið hjá almannatryggingunum. Með stórfelldri hækkun lífeyris í hlutfalli við laun hefur þeim fjölgað, sem þannig er ástatt um. Sem dæmi má nefna, að sé miðað við 80.000 króna árslaun, nemur hjónalífeyrir almannatrygginga án frestunarhækkunar, kr. 32 824, nú 41% af launum, en miðað við breytingar á launum ríkisstarfsmanna voru tilsvarendi laun í árslok 1959 kr. 63 173 og lífeyrir kr. 15 927 eða 25% af launum.

Hér fer á eftir einfaldur samanburður á ellilífeyri samkvæmt gildandi reglugerðum flestra viðurkenndra lífeyrissjóða annars vegar og ellilífeyri almannatrygginga hins vegar. Miðað er við, að starfi sé hætt við 67 ára aldur og laun hafi verið óbreytt síðustu 10 starfsárin, kr. 80 000 á ári:

Starfstími	Úr lífeyrissjóði		Frá almannatryggingum	
	%	kr.	Hjónalífeyrir · kr.	Einstaklingslíf. kr.
15 ár .....	20.0	16 000	32 824	18 236
20 — .....	30.5	24 400	32 824	18 236
25 — .....	44.0	35 200	32 824	18 236
30 — .....	60.0	48 000	32 824	18 236

Sé um viðurkenndan sjóð að ræða, verður hann að hækka greiðslur sínar til samræmis við lífeyri almannatrygginga. Miðað við 15 ára starfstíma hér að framan þyrfti þannig að hækka árslífeyri úr kr. 16 000 í kr. 32 824 eða kr. 18 236 eftir því, hvort almannatryggingarnar mundu hafa veitt hjóna- eða einstaklingslífeyri. Í þessu tilfelli hefði sjóðfélaginn engan hagnað haft af þátttöku sinni í sjóðnum, þótt hinn síðarnefndi verði að greiða hærri bætur en fjárhagsgrundvöllur hans e. t. v. leyfir. Ef um viðbótarsjóð er að ræða, er hins vegar einungis greitt eftir hinni almennu reglu, og sjóðfélaginn fær lífeyri á báðum stöðum.

Af framansögðu er ljóst, að hinir viðurkenndu sjóðir taka á sig skuldbindingar, sem hljóta að létta byrðar almannatrygginga. Þar eð tekna til að standa undir útgjöldum almannatrygginga er aflað jafnóðum, þ. e. samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun, og í nýjum lífeyrissjóðum er eingöngu fólk á starfsaldri, hefur viðurkenning sjóða í för með sér fækkun þeirra, sem greiða fullt iðgjald til lífeyristrygginga, án þess að um útgjaldalækkun sé að ræða fyrr en að áratugum liðnum, og hefur slík viðurkenning því í för með sér almenna iðgjaldahækkun.

Nefndin taldi, að æskilegast væri, ef kleift reyndist, að allir lífeyrissjóðir yrðu viðbótarsjóðir við almannatryggingarnar, þannig að iðgjöld manna til lífeyristrygginga og réttindi þar yrðu hin sömu, hvort sem þeir væru tryggðir hjá sérsjóðum eða ekki. Þar eð lífeyrissjóðirnir heyra undir fjármálaráðuneytið og mál þetta varðar ríkissjóð sem aðila bæði að almannatryggingunum og stærsta lífeyrissjóði landsins, ákvað nefndin í maí 1961 að senda því ráðuneyti greinargerð um málið. Nokkru síðar fól fjármálaráðherra stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að endurskoða löginn fyrir þann sjóð, og munu aðalbreytingarnar, sem fyrirhugaðar eru, vera í því fólgna, að sjóðurinn verði gerður að viðbótarsjóði. Ef slík breyting yrði lögfest, má ætla, að hið sama yrði uppi á teningnum með aðra lögboðna sjóði, sem ekki eru nú þegar viðbótarsjóðir. Tveir sjóðir, sem Tryggingastofnunin hefur veitt viðurkenningu, hafa óskað eftir að gerast viðbótarsjóðir með því að greiða til Tryggingastofnunarinnar iðgjaldamismun fyrir liðinn tíma vegna sjóðfélaga sinna, og enn fremur hafa þeir gert ráðstafanir til að breyta reglugerðum sínum með hliðsjón af því, að sjóðfélagar njóti framvegis fullra réttinda og greiði fullt iðgjald til lífeyristrygginga.

Af því, sem nú hefur verið sagt, má ráða, að þeim sjóðum muni fara fækkandi, sem koma eiga í stað almannatrygginga. Í sjóðum þeim, sem ekki koma á breytingum í þá átt, að þeir verði viðbótarsjóðir, er sennilegt, að óánægja sjóðfélaga með afsal réttinda hjá almannatryggingum aukist smám saman eftir því, sem fleiri komast á ellilífeyrisaldur. Enginn vafi er hins vegar á, að uppgjör fyrir liðinn tíma verður

því erfiðara fyrir sjóðina, sem það dregst lengur. Leggur nefndin því til, að uppgjör verði lögboðið, sbr. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Telja verður eðlilegt og sjálfsagt, að endurskoðun fari fram á lögum og reglugerðum þeirra sjóða, sem hér eiga hlut að máli, í sambandi við breytingu í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir. Breytingar þær, sem af slíkri endurskoðun mundu leiða, má hugsa sér með ýmsum hætti, og hefur nefndin því tekið þann kost að leggja til, að sjálf lagabreytingin verði engin áhrif látin hafa á heildariðgjaldagreiðslur né heildarlífeyrisréttindi sjóðfélaga, en væntanlegar breytingar á ákvæðum hvers lífeyrissjóðs fyrir sig verði látnar skera þar úr. Ákvæði frumvarpsins um frádrátt bóta almannatrygginga og iðgjalda til þeirra eftir 1. janúar 1964 koma því aðeins til framkvæmda, að endurskoðun hafi þá ekki farið fram á reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs. Verði frumvarpið að lögum, má telja fullvist, að sjóðirnir beiti sér allir fyrir slíkri endurskoðun og taki afstöðu til, á hvern hátt þeir vilja haga iðgjöldum sínum og bótum með tilliti til hinna nýju aðstæðna, er þeir koma til viðbótar almannatryggingunum, en ekki í stað þeirra eins og áður.

Rétt er að taka fram, að nefndin getur ekki fallizt á, að hverjum einstökum sjóðfélaga verði gefinn kostur á að ákveða, hvort hann öðlizt aftur réttindi hjá almannatryggingum, né þá leið að skerða lífeyri þeirra, sem greitt hafa skert gjald til lífeyristrygginga um tíma, þar eð hvorttveggja mundi hafa í för með sér óeðlilega margbrotið eftirlit um áratugi og tæplega reynast fullnægjandi lausn. Það er einnig í samræmi við þann hátt, sem hafður hefur verið á viðurkenningu sjóða og afsali lífeyrisréttinda, að félagar hvers sjóðs fái í heild réttindi á ný.

Nefndin ritaði umræddum 19 lífeyrissjóðum bréf, þar sem greint var frá þeim breytingum, sem hún hafði í hyggju að leggja fram tillögur um. Óskaði hún um-sagnar sjóðanna um hugmynd þessa, en tók jafnframt fram, að hefði svar ekki borizt fyrir tilskilinn tíma, yrði litið svo á, að viðkomandi sjóðstjórn væri ekki mótfallin hugmyndinni. Bárust svör frá 6 sjóðum, öll neikvæð. Þar eð af sumum svörunum var ekki ljóst, hvað olli hinum neikvæðu undirtektum, og nefndinni þótti enn fremur rétt að veita þeim sjóðstjórnnum, sem ekki höfðu svarað, kost á að skýra sjónarmið sín, gekkst nefndin fyrir fundi með stjórnnum hinna viðurkenndu sjóða. Var þar gerð grein fyrir málinu af hálfu nefndarinnar. Af fulltrúum 12 sjóða, sem þátt tóku í fundinum, tóku til máls fulltrúar 6 sjóða, sem ýmist töluðu fyrir hönd sjóðstjórna eða létu í ljós eigin skoðanir. Voru fjórir hugmyndinni meðmæltir, en tveir lýstu yfir andmælum. Af hálfu einnar sjóðstjórnar, sem andmælt hafði skriflega, var því lýst yfir, að hún félli frá andmælum. Af hálfu þeirra tveggja, sem mótmæltu hugmyndinni, virtist mega ráða, að lánasjónarmiðið væri þungst á metunum, þ. e. að vegna uppgjörs fyrir liðinn tíma mundi draga nokkuð úr útlánum sjóðanna um sinn. Þar eð nefndin telur undirtektir hafa verið góðar og ekki komu fram aðrar tillögur um lausn þessa máls, hefur hún í frumvarpinu haldið fast við þá hugmynd, sem hún setti fram í áðurnefndu bréfi til lífeyrissjóðanna. Þó leggur hún til, að greiðsla fyrir liðinn tíma geti dreifzt á lengri tíma, og skýr ákvæði eru sett um það, hvernig reikna skuli lífeyri þeirra, sem ellilífeyri taka úr lífeyrissjóði í árslok 1963 og orðnir eru eldri en 67 ára.

2. **Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.** Lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla voru mikil réttarbót fyrir fjölmarga þá, sem dveljast þurftu langdvölum í sjúkrahúsum eða á hælum. Jafnframt tók ríkissjóður á sig byrðar, sem áður höfðu getað orðið þungbærar fámennum sveitarfélögum.

Eftir að komið var á lögboðnum sjúkratryggingum fyrir alla landsmenn, breyttust viðhorfin. Samkvæmt almannatryggingalögum njóta menn nú ótakmarkaðan tíma og án tillits til efnahags ókeypis vistar í sjúkrahúsum, sem sjúkrasamlög hafa samning við. Undanteknr þessu ákvæði eru þó þeir, sem haldnir eru ellikróm eða alvarlegum langvinnum sjúkdómi, sem lögin um ríkisframfærslu taka til. Í slíkum tilfellum greiðir sjúkrasamlag ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls, en síðan fer fram mat samkvæmt ríkisframfærslulögum á efnahag sjúklings. Verði ekki talið, að um

rikisframfærslu geti orðið að ræða af efnahagsástæðum, falla allar greiðslur vegna sjúkrahúsdvalar niður, einungis vegna þess, að um einhvern þeirra alvarlegu, langvinnu sjúkdóma er að ræða, sem nefnd lög taka til. Jafnvel þótt umsækjandi reyndist styrkhæfur, greiðir ríkissjóður ekki nema  $\frac{1}{5}$  dvalarkostnaðar, en sveitarfélög eða sjúklingar sjálfir verða að greiða afganginn. Þrátt fyrir þetta er mikil ásókn í að koma sjúklingum á ríkisframfærslu. Stafar sú ásókn af tvennu, annars vegar því, að ýmis hæli eru viðurkennd af ríkisframfærslunni, þótt ekki sé um að ræða greiðslu dvalar af hálfu sjúkratrygginganna, svo og af hinu, að sjúkrahúskostnaður eins einasta langlegusjúklings getur reynzt ofviða fámennu sjúkrasamlagi. M. a. að þessu leyti er það augljós galli á sjúkratryggingunum íslenzku, hve sjúkrasamlög eru mörg og flest fámenn.

Á því leikur ekki vafi, að núverandi skipan þessara mála getur hvorki talizt réttlát né hagkvæm. Fyrir hina tryggðu er það meginókosturinn, að greiðsla fyrir sjúkrahúsvist skuli algerlega geta fallið niður eftir 35 daga legu, sé um tiltekna alvarlega langvinna sjúkdóma að ræða. Verður að telja fráleitt, að trygging sjúkrahúsvistar geti fallið niður eftir svo stuttan tíma vegna efnahags hins tryggða, ekki sízt, þegar þess er gætt, að stöðugt er stefnt í þá átt að gera bótarétt óháðan efnahag. Má á það benda í þessu sambandi, að hinir tryggðu eru að þessu leyti nú mun verr settir en á fyrstu árum alþýðutryggingalaga, þegar allir, sem tryggðir voru í samlögum, áttu rétt á 6 mánaða sjúkrahúsvist án tillits til sjúkdóms og efnahags. Í sambandi við umsóknir og úrskurðun um ríkisframfærslu er lögð mikil vinna af hálfu umsækjenda sjálfra eða aðstandenda þeirra, lækna og starfsmanna sveitarfélaga, ríkis og sjúkrasamlaga í samningu efnahagsskýrslna og læknisvottorða svo og meðhöndlun þessara gagna, og ósjaldan snýst málið um það eitt, hvaða opinberir aðilar skuli bera útgjöldin vegna sjúkrahúsvistar viðkomandi manns.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að æskilegast sé, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla verði lögð niður með öllu og mál hennar verði lögð undir sjúkra- og lífeyristryggingarnar. Af þeirri ástæðu lét nefndin árið 1961 fara fram rækilega athugun á skiptingu ríkisframfærslusjúklinga eftir því, í hvaða bæjar- eða sýslufélagi þeir væru heimilisfastir. Var þetta gert til þess að fá úr því skorið, hvort viðunandi jöfnun áhættunnar af langvarandi sjúkrahúsdvöl fengist með því að láta kaupstaða- og héraðssamlög tryggja sjúkrahúsvist að miklu eða öllu leyti. Athugun þessi leiddi í ljós, að byrðarnar mundu koma mjög misjafnt niður, enda þótt héraðssamlög bæru þær í stað hinna fjölmörgu fámennu hreppasamlaga. Var því horfið frá þessari hugmynd, en tvær aðrar leiðir ræddar. Sú fyrri er að takmarka ríkisframfærsluna við fávita, berklaveika og geðveika menn, láta lífeyristryggingarnar taka við framfærslu ellikramarsjúklinga, en sjúkrasamlögin við öðrum, en þó skuli framfærslu drykkjusjúkra manna utan viðurkenndra sjúkrahúsa komið fyrir með sérstökum hætti. Síðari leiðin er í því fólgin að afnema ríkisframfærsluna með öllu í núverandi mynd og hverfa jafnframt að mestu leyti frá því að greina á milli sjúkdóma, heldur skuli gamalt fólk dveljast í sjúkrahúsum eða hælum á kostnað lífeyristrygginga, ef dvölin er nauðsynleg af heilsufarsástæðum, og sama gildi um varanlega öryrkja, sem vegna örorku sinnar þarfnast slíkrar dvalar. Að öðru leyti taki sjúkratryggingarnar að sér sjúkrahústryggingu þeirra, sem nú eiga rétt á ríkisframfærslu. Þar eð ekki er gert ráð fyrir, að breyting þessi hafi í för með sér greiðslu af hálfu sjúkratrygginganna fyrir vist á annars konar stofnunum en nú hafa viðurkenningu sem sjúkrahús, þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir vegna drykkjumanna-hæla, ef leið þessi yrði valin.

Um hvoruga leiðina treystir nefndin sér til að gera tillögur á þessu stigi, en hún telur, að svo mikill ávinningur gæti orðið að síðari leiðinni, að rétt sé að kanna hana til hlítar, og skal því hér nánar að henni vikið.

Í fyrsta lagi hlýtur sú lausn að vera æskilegust, að ríkisframfærslan verði lögð algerlega niður, en þeir, sem hennar hafa notið, komi inn í hið almenna tryggingakerfi að svo miklu leyti, sem unnt er. Vegna skipulags sjúkratrygginganna verður

hins vegar, eins og áður segir, miklum erfiðleikum bundið að láta þá grein trygginganna taka við meginhluta byrðanna. Slíkt mundi enn fremur verða örðugleikum bundið vegna þess, að ýmsar þær stofnanir, sem viðurkenndar hafa verið af ríkisframfærslunni, eru ekki viðurkenndar sem sjúkrahús, og má sem dæmi nefna sjúkraudeildir elliheimila og fávitahæli. Hvorugum þessara agnúa er til að dreifa, ef lífeyrstryggingar taka á sig þyngstu byrðarnar.

Í öðru lagi yrði aðeins hálfur ávinningur að breytingunni fyrir þá aðila, sem framkvæmd þessara mála annast, ef t. d. gamla fólkið yrði flutt af ríkisframfærslu yfir á lífeyristryggingarnar. Gera yrði ráð fyrir, að jafnframt yrði efnahagsviðmiðun hætt í sambandi við úrskurði, og mundi það bæði vera réttarbót og spara vinnu. Hins vegar mundi læknisfræðilega hliðin verða jafnflókin og áður, og í stað deilna milli einstakra sjúkrasamlaga og ríkisframfærslunnar mundu sjúkrasamlög og lífeyristryggingar deila um það, hvorum aðilanum bæri að greiða sjúkrahúsvist í einstökum tilfellum. Læknisfræðilega er oft miklum erfiðleikum bundið að skera úr um slík atriði, og kæmi því til álita, hvort heppilegra væri, að fá til úrskurðar mikinn fjölda mála, þar sem um skamma sjúkrahúslegu er að ræða, eða láta sjúkrasamlög ætíð bera kostnað af legu nokkurn tíma, en slíkt veldur aukinni vinnu við að fylgjast með sjúkrahúsvist samlagsmanna. Framkvæmdin hlyti því að verða miklum mun auðveldari, ef öll sjúkrahúsvist ásamt nauðsynlegri hælsvist yrði á vegum lífeyristrygginga, hafi viðkomandi náð tilteknum aldri. Hið sama er að segja um þá, sem yngri eru, einfaldara hlýtur að vera að greina á milli þess, hvort viðkomandi er varanlegur öryrki eða ekki, en fara eftir sjúkdómsgreiningu og láta sjúkrasamlög e. t. v. greiða fyrst tiltekið tímabil, áður en lífeyristryggingarnar taka við. Hins vegar er sennilega ekki að sama skapi og með gamla fólkið ástæða til að láta alla sjúkrahúsvist öryrkja hvíla á lífeyristryggingunum, þar eð hér er um takmarkaðri hóp að ræða og hjá mörgum öryrkjum er ekki ástæða til að ætla, að um sjúkrahúsvist þurfi fremur að verða að ræða en hjá starfhæfu fólki.

Megingallinn við framkvæmd slíkrar breytingar, sem hér um ræðir, virðist vera sá, að mörkin milli sjúkradeilda og almennra deilda elliheimila séu víða hvergi nærri skýr, og þar af leiðandi verði enn erfiðara en nú að skera úr um réttinn til greiðslu fulls dvalarkostnaðar, þegar sami aðili á að kveða á um slíkt og hækkan samkvæmt 23. grein nógildandi almannatryggingalaga. Þessi galli kæmi að sjálfsögðu einnig fram, þótt hin leiðin, sem að framan er getið, yrði valin.

Eins og áður en nefnt, yrði nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna hæla fyrir drykkjusjúka menn, þar eð hvorki Gunnarsholt, Úlfarsá né Bláa bandið eru viðurkennd sjúkrahús og ekki munu vera nema fáir varanlegir öryrkjar meðal vistmanna þar. Ýmislegt fleira þarf gaumgæfilegrar athugunar við, áður en að svo mikilvægri skipulagsbreytingu yrði horfið. M. a. er þörf upplýsinga um fjárhagsleg atriði í sambandi við slíka breytingu, ef ekki á að verða röskun á fjárhagsgrundvelli trygginganna og heildarframlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga til sjúkrasamlaga, lífeyristrygginga og ríkisframfærslu. Hefur nefndin því miðað frumvarpið við, að lögin um ríkisframfærslu haldist óbreytt um sinn, en væntir þess, að á þessum málum reynist innan skamms unnt að finna viðunandi lausn.

3. Fjölskyldubætur. Í almannatryggingalögunum frá 1946 var gert ráð fyrir, að fjölskyldubætur væru innifaldar í barnalífeyri og væru þar af leiðandi ekki greiddar samtímis honum. Enn fremur var kveðið svo á, að fjölskyldubætur skyldu ekki greiddar vegna barna, sem greitt væri með samkvæmt meðlagsúrskurði, en í nógildandi lögum er ákvæði þetta orðað svo, að við ákvörðun fjölskyldubóta skuli ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar. Ljóst er, að heppilegra hefði verið í upphafi að ákveða barnalífeyri þannig, að hann hefði komið til viðbótar fjölskyldubótum, en lagaákvæðin ollu þó í fyrstu sjaldan erfiðleikum vegna þess, að fjölskyldubætur voru þá greiddar mjög takmörkuðum hópi fjölskyldna, þ. e. ef börnin voru fjögur eða fleiri.

Árið 1953, þegar tekið var að greiða fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni í



Auk þessa verða, eins og áður er ritað, fjölskyldubætur samkvæmt frumvarpinu greiddar með mörgum börnum, sem engra bóta hafa notið hingað til.

Nefndinni þykir að lokum rétt að benda á, að raunverulega eru nú veittar þrenns konar fjölskyldubætur vegna barna, þ. e. fjölskyldubætur almannatrygginga, sem eru fólgnar í beinum greiðslum til bótaþega, og enn fremur tekjuskatts- og útsvarsfriðindi, sem hvortveggja eru fólgin í lækkuðum opinberra gjalda. Ástæða gæti verið til að athuga mál þessi í einni heild, og vafalaust yrði framkvæmd þeirra einfaldari en nú, ef bætur væru einungis veittar af einum aðila.

4. Slysabætur. Í I., 7. hér að framan er dregið á frumvarp Geirs Gunnarssonar og Hannibals Valdimarssonar um sérstakar örorku- og dánarbætur sjómanna. Við meðferð málsins á Alþingi kom fram það álit meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar, að fylgja bæri þeirri meginreglu, að örorku- og dánarbætur vegna slysa skuli vera hinar sömu fyrir alla, en hins vegar þyrfti að hækka verulega slysa- og dánarbætur. Samkvæmt tillögu nefndarinnar var frumvarpinu vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar, í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem fram fer á almannatryggingalögum, tæki deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Sú skoðun, að örorku- og dánarbætur almannatrygginga skuli vera hinar sömu fyrir alla án tillits til, hvaða atvinnuveg menn stunda, er í samræmi við álit nefndar, sem árið 1959 var skipuð til að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um upphæð slysabóta. Samkvæmt tillögum þeirrar nefndar var með lögum nr. 13/1960 afnumin sú sérstaða um dánarbætur, sem lögskráðir sjómenn höfðu haft um nokkurra ára skeið.

Endurskoðunarnefnd almannatrygginga hefur miðað starf sitt við framanritaða meginreglu. Sjómenn og ýmsar aðrar stéttir hafa við kjarasamninga lagt ríka áherzlu á tryggingamál, og er líklegt, að svo verði framvegis, enda er eðlilegt, að þeir, sem búa við verulega slysaþættu, gefi þessum málum meiri gaum en aðrir. Þegar slys hefur átt sér stað, gildir það hins vegar einu fyrir þann, sem fyrir því hefur orðið, og aðstandendur hans, hvort líkurnar fyrir slysi hafi fyrirfram verið taldar miklar eða litlar, og getur tæplega talizt eðlilegt að láta slíkt ráða upphæð bóta frá almannatryggingum. Nefndin tók fyrst til athugunar, hvort fært þætti að fella þá aukatryggingu — kr. 200 000.00 við örorku eða dauða —, sem sjómenn hafa nú samkvæmt fjölmörgum kjarasamningum, að einhverju eða öllu leyti inn í almannatryggingalögin með þeirri breytingu, að slík trygging næði til allra slysatryggðra manna. Hún taldi þó, að eðli sínu samkvæmt og með tilliti til samræmis við bætur lífeyristrygginga gætu slysatryggingarnar ekki tekið á sig óbreyttar þær bótagreiðslur, sem sjómenn höfðu samið um, að útgerðarmenn tryggðu þeim. Almannatryggingar miða að því að bæta þegnunum tekjumissi, sem þeir verða fyrir sökum elli, örorku, dauða fyrirvinnu o. s. frv., og bætur vegna dauða fara því eftir fjölskylduástæðum. Þótt slysa-bætur séu í flestum löndum ríflegri en bætur lífeyristrygginga, eru þær yfirleitt sama eðlis. Munurinn er sá, að fært hefur verið talið að láta atvinnureksturinn standa undir hærri bótum til þeirra, sem slasast við vinnu í hans þágu, en bótum þeim, sem almennt eru greiddar vegna sjúkdóma, örorku eða dauða. Í löndum, þar sem almannatryggingar eru komnar lengst, hefur hins vegar verið rætt um að afnema slysatryggingarnar, þar eð þær séu að litlu eða engu leyti hærri en bætur lífeyristrygginga. Af þessum sökum getur tæplega talizt eðlilegt, að í almannatryggingalögum séu ákvæði um verulegar dánarbætur án tillits til fjölskylduástæðna.

Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Vinnuálagasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands var síðan ritað bréf, þar sem óskað var umsagnar um hugmynd að bóta-ákvæðum, þar sem m. a. var gert ráð fyrir hækkuðum dánarbótum vegna slysa, sem kæmu í stað þeirrar dánarbótatryggingar, sem sjómenn höfðu samið um. Þar eð



hvorki barst svar frá Alþýðusambandi Íslands né Sjómannasambandi Íslands og undirtektir vinnuveitenda voru að miklu leyti neikvæðar, hvarf nefndin frá þessari hugmynd, enda voru henni ljósir erfiðleikarnir á að fella úr gildi ákvæði kjarasamninga, nema lögfest yrðu algerlega hliðstæð bótaákvæði. Tillögur hennar um bæt看 slysaftrygginga miðast því við, að ekki verði reynt að fella samningsbundnar tryggingar inn í almannaftryggingalögin.

Nefndin leggur til, að veruleg hækkun eigi sér stað á dánarbótum slysaftrygginga til ekkju eða ekkils, en jafnframt verði greiðslutilhögun breytt þannig, að bæturnar greiðist á 8 árum í stað þess að vera greiddar í einu lagi, svo sem nú er gert. Enn fremur leggur hún til, að greiðslutími dagpeninga verði lengdur og örorkubætur hækkaðar til þeirra, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Um breytingartilögur þessar skírskotast til þess, sem í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins segir.

Í svari Vinnuveitendasambands Íslands við áður nefndu bréfi nefndarinnar var vitnað til þess, sem fram kom í álitum slysaftrygginganefndar frá 1959, að rétt væri að láta fara fram athugun á, hvort hverfa skuli frá þeim grundvelli, sem slysabætur eru nú byggðar á, og gera bætur almannaftryggingalaga vegna slysa að fullum bótum. Taldi Vinnuveitendasambandið rétt, að sú athugun færi fram hið fyrsta, og beindi því til nefndarinnar, hvort hún sæi sér fært að framkvæma þá athugun. Nefndin ræddi þetta mál, og viðræður fóru fram um það við ýmsa aðila. Var hún sammála um, að einkum kæmi til greina, að slysaftryggingarnar tækju á sig að bæta það tjón, sem vinnuveitanda bæri að greiða samkvæmt almennum skaðabótareglum, en þó yrðu bætur aldrei lægri en núgildandi slysabætur almannaftrygginga. Yrði þetta þannig blönduð ábyrgðar- og slysaftrygging.

Ábyrgðartryggingar hafa færzt mjög í vöxt á undanförunum árum, og eru það einkum hin stærri fyrirtæki, sem slíkar tryggingar taka. Hitt er þó títt, að slík trygging sé ekki tekin, og virðist fjölmörgum atvinnurekendum ekki vera ljóst, hve skammt slysabætur almannaftrygginga venjulega hrökkva til að geta talizt fullar bætur. Framangreind grundvallarbreyting mundi því í fyrsta lagi auka afkomuöryggi launþega og vinnuveitanda. Í öðru lagi verður að teljast heppilegra og kostnaðarminna, að bætur komi frá einum tryggingaraðila en fjalla þurfi um sama slys bæði hjá slysaftryggingunum og ábyrgðartryggjanda. Breytingin mundi hafa í för með sér mikinn samdrátt á ábyrgðartryggingum vaftryggingafélaga, en mörg þeirra hafa að undanförunu lagt kapp á þessa grein trygginganna. Ekki er við því að búast, að Tryggingastofnunin geti með litlum fyrirvara tekið við framkvæmd slíkra trygginga, sem er vandasöm og krefst sérmenntaðs starfsliðs.

Ýmis önnur sjónarmið koma til greina, en þau skulu ekki rakin hér. Nefndin hefur talið ógerlegt að leysa mál þetta á viðunandi hátt á þeim tíma, sem hún hefur haft það til umræðu, en mælir með því, að gerð verði gangskör að rækilegri athugun þess, ekki sízt af þeirri ástæðu, að vinnuveitendur, sem greiða kostnað af slysa- og ábyrgðartryggingunum, leggja áherzlu á, að hún fari fram.

5. Önnur mál. Við marga kjarasamninga á undanförunum árum hefur verið lögð áherzla á kaupgreiðslu vinnuveitanda í veikinda- og slysaforföllum umfram það, sem lög ákveða. Í almannaftryggingalögunum er hins vegar kveðið svo á, að sjúkra- og slysa dagpeningar skuli ekki greiddir, meðan starfsmaður heldur kaupum sínu. Með slíkum samningsákvæðum spara því vinnuveitendur og launþegar slysaaftryggingunum útgjöld, en launþegar hagnast minna en sem nemur útgjaldaaukningu vinnuveitanda. Hefur þetta valdið megnri óánægju beggja aðila. Í samninga er stundum sett ákvæði þess efnis, að dagpeningar almannaftrygginga skuli renna til vinnuveitanda, en slíkt ákvæði haggar ekki ákvæðum laganna. Þá hefur félagsmálaráðherra vísað til nefndarinnar samningi frá 28/2 1962 milli Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Matsveinafélags S. S. Í. annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar, en þar segir svo: „Hafi

skipverji verið í eitt ár eða lengur í þjónustu útgerðarmanns, fær hann auk ofanritaðs dagpeninga kr. 200.00 á dag sem hér segir:

Eftir 1 ár .....	í 14 daga
— 2 — .....	- 28 —
— 3 — .....	- 42 —

enda renni dagpeningar Tryggingastofnunar ríkisins til skipseigenda.“ Samningi þessum fylgir svohljóðandi yfirlýsing frá þeim, sem að samningsgerðinni stóðu: „Samninganefnd sjómannasamtakanna innan A. S. Í. annars vegar og samninganefnd L. Í. Ú. hins vegar eru sammála um að óska eftir því við hæstvirta ríkisstjórn, að hún beiti sér fyrir því við alþingi það, er nú situr, að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á lögum um almannatryggingar, er tryggi, að endurgreiðsla sú, sem um ræðir í 17. gr. þessa samnings, komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 1961. Jafnframt lýsa samninganefndirnar því yfir, að gildistaka 3. mgr. 17. gr. er bundin því skilyrði, að lagabreytingar þessar nái fram að ganga.“ Þar eð ógerlegt er án stóraukinnar fyrirhafnar og kostnaðar að ákveða mismunandi iðgjöld með tilliti til launaréttar, hefur nefndin orðið sammála um að gera tillögu um breytingu á umræddum ákvæðum, sbr. síðustu málsgrein 35. greinar og næstsíðustu málsgrein 50. greinar frumvarpsins. Til álita kom að binda rétt vinnuveitanda við laun umfram 14 daga, þar eð mikill fjöldi starfsmanna á löghelgaðan rétt til launa þann tíma, sbr. lög nr. 16/1958, en horfið var frá því, þar eð hin nýju ákvæði kæmu þá tæplega að gagni þeim, sem ekki eiga þann rétt en leitast við að ná með samningum frekari rétti en þeir eiga nú.

Eins og áður er sagt, var elli- og örorkulífeyrir með lögum nr. 89/1962 hækkadur um 7% frá 1. júní 1962 að telja. Að undanteknum fjölskyldubótum, barnalífeyri og mæðralaunum með einu barni, sem gerð er grein fyrir í III., 3. hér að framan, hefur nefndin yfirleitt gert ráð fyrir 7% hækkun annarra bóta, og enn meiri hækkun, hafi hún sérstaklega talið hennar þörf með hliðsjón af öðrum bótum, sbr. það, sem að framan er sagt um fæðingarstyrk og slysabætur. Allmikil hækkun er á ekkjubótum samkvæmt 19. gr. frumvarpsins, og ekkjulífeyrir verður mun riflegri en áður, sbr. 20. gr. Lágmark sjúkradagpeninga meira en tvöfaldast, og margs konar hreytingar eru gerðar á dagpeningaákvæðunum að öðru leyti, sbr. 50. gr. Allar bótafjárhæðir eru reiknaðar í heilum krónum og mánaðargreiðslur í heilum tugum eða jafnvel hundruðum, þar sem því hefur þótt verða við komið. Um öll þessi atriði skírskotast til athugasemda um einstakar greinar.

Efnisskipan er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Þó hafa ákvæðin um frjálsa slysatryggingu (42. gr. laganna) verið flutt í kaflann um almenn ákvæði (82. gr. frumvarpsins), og ákvæði 2. málsgr. 62. gr. laganna hafa verið flutt í 49. gr. frumvarpsins. Þá skal vakin athygli á, að ákvæði 63. gr. laganna um, að erlendur ríkisborgari, sem öðlazzt hefur rétt til dagpeninga eða lífeyris frá slysatryggingunum, skuli halda þeim rétti, þótt hann flytjist af landi brott, hafa verið felld niður. Nefndin telur rétt, að þetta gildi um alla bótaþega slysatrygginga, enda eru engin ákvæði í sjálfum slysatryggingakaflanum, sem hindra slíkt.

#### IV. Fjárhagsatriði.

Erfitt er að áætla þá útgjaldaaukningu almannatrygginga, sem samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér, þótt um einstaka stóra liði sé fyrir hendi allnákvæm vitneskja. Áætlun sú, sem Tryggingastofnunin hefur látið semja og birt er hér á eftir sem fylgiskjal, er því gerð með fyrirvara um ýmis atriði, en með henni fæst gott heildaryfirlit um útgjöldin.

Greina má á milli ferns konar útgjaldaaukningar, í fyrsta lagi útgjalda vegna þess, að félagar lífeyrissjóða fá allir full réttindi hjá almannatryggingum, í öðru lagi greiðslna dagpeninga til vinnuveitenda, þegar þeir greiða laun í veikinda- og

slysaforföllum, í þriðja lagi hækkana eða aukningar einstakra bótategunda og í fjórða lagi hækkana til samræmis við kauplagsbreytingar.

Réttindi þau, sem gert er ráð fyrir, að félagar lífeyrissjóða þeirra, er um ræðir í III., 1. hér að framan, fái, hafa í för með sér veruleg útgjöld, og munu þau vaxa hlutfallslega á næstu áratugum vegna breyttrar aldursskiptingar í sjóðunum. Iðgjöld einstakra almennra iðgjaldsgreiðenda munu ekki hækka af þessum sökum, þar eð þeim fjölgar mjög, sem greiða full iðgjöld, og fyrst í stað mun verða um lækkun að ræða. Útgjöld annarra aðila hækka hins vegar. Eins og áður er getið, stefnir þróunin í þá átt, að meiri hluti þessara sjóða leiti að óbreyttum lögum eftir fullum réttindum fyrir féлага sína, og mundi vart verða spornað við því, að þau fengjust. Raunverulega er því hér ekki nema að nokkru leyti um að ræða útgjöld, sem rekja má til þessa frumvarps.

Greiðsla dagpeninga til vinnuveitenda, þegar laun eru greidd í slysa- og veikindaforföllum, veldur að sjálfsögðu auknum útgjöldum slysa- og sjúkratrygginga. Verður útgjaldaaukningin hlutfallslega meiri hjá slysatryggingunum, en þar standa atvinnurekendur sjálfir undir útgjöldunum. Eins og áður er getið, telja bæði vinnuveitendur og ýmis launþegasamtök mikla bót að breytingu þessari.

Um aukningu bóta að öðru leyti, hækkun bóta til samræmis við almennar kauplagsbreytingar, svo og um hækkun einstakra bótategunda umfram þær, hefur nefndin haft það meginsjónarmið, að útgjaldaaukning lífeyristrygginganna fari ekki verulega fram úr því, sem orðið hefði, ef allar bætur hefðu hækkað um 7% með lögum nr. 89/1962. Ef taldar eru með þær tvær breytingar, sem nefndin hefur fjallað um og orðnar eru að lögum, þ. e. afnám skerðingarákvæða og afnám verðlagssvæðaskiptingar, er hins vegar um mikla aukningu útgjalda að ræða.

## B. Athugasemdir um einstakar greinar.

### I. KAFLI

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Fyrri málsgreinin er efnislega óbreytt, en starfsmenn eru taldir upp í annarri röð í gildandi lögum. Síðari málsgreinin er í samræmi við lög nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði núgildandi laga um stöðugt, daglegt eftirlit formanns tryggingaráðs með starfsemi Tryggingastofnunarinnar falli niður. Í 1. málsgreinarinnar er hins vegar það nýmæli, að endurskoðunardeild skuli starfa við stofnunina undir eftirliti tryggingaráðs. Óeðlilegt virðist vera, að endurskoðun bótaúrskurða o. fl. sé í höndum hvernar deildar fyrir sig, svo sem nú er, enda hefur reynslan orðið sú, að sumir þættir nauðsynlegrar endurskoðunar hafa setið á hakanum vegna aukinna daglegra afgreiðslustarfa. Að sjálfsögðu mundi starfsemi

ríkisendurskoðunarinnar ekki falla niður hjá stofnuninni, þótt þessi nýskipan á endurskoðun innan stofnunarinnar yrði lögfest.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 8. gr.

Efnislega er greinin óbreytt.

Um 9. gr.

Í 3. málsgr. greinarinnar er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnuninni verði ekki skylt, eins og nú, að gefa út árbók, heldur sé henni heimilt í þess stað að birta með öðrum reglubundnum hætti upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar. Undanfarin ár hefur Tryggingastofnunin átt rúm í tímaritinu Sveitarstjórnarmálum. Gæti reynzt hagkvæmt að sameina þá tvenna birtingu ýmissa skýrslna, sem nú á sér stað.

## II. KAFLI

Um 10. gr.

Svarar til 11. gr. almannatryggingalaga. Frá því, er almannatryggingalögin voru samin, hafa gengið í gildi lög um lögheimili, nr. 35/1960. Þykir rétt að tengja rétt til bóta frá lífeyristryggingunum lögheimilishugtakinu í stað húsetu, sem notað er í núgildandi lögum og hefur við framkvæmd þeirra verið látið tákna hið sama. Skilyrðið í a-lið greinarinnar um það, að íslenskir ríkisborgarar skuli hafa átt lögheimili hér á landi tiltekinn tíma til þess að öðlast bótarétt, er nýtt og er einkum sett með tilliti til alþjóðasamþykktta, þar sem gert er ráð fyrir, að erlendir ríkisborgarar njóti jafnréttis við innlenda menn, en jafnframt getur það að öðru leyti talizt eðlilegt. Ákvæðið um, að þeir, sem erlendis dveljast og eiga þar bótarétt samkvæmt milliríkjasamningum eða alþjóðasamþykktum, sem Ísland er aðili að, skuli ekki samtímis njóta tilsvareandi bóta hér á landi, er í samræmi við þá framkvæmd, sem gilt hefur. Ákvæði b-liðs er sett með tilliti til hugsanlegra milliríkjasamninga eða alþjóðasamþykktta þess efnis, að við flutning milli landa haldi menn bótaréttindum í því landi, sem þeir flytjast frá, unz þeir öðlast réttinn í landi því, sem þeir flytjast til. Um ellilífeyri gildir slíkur samningur milli Norðurlanda, og fékk ríkisstjórnin með lögum nr. 21/1962 heimild til að staðfesta hann.

Síðari málsgrein 11. gr. laganna hefur verið felld niður, sbr. þó bráðabirgða-ákvæði frumvarpsins. Um þetta mál skirskotast til þess, sem sagt er í A., III., 1. hér að framan um sambandið milli lífeyrissjóða og almannatrygginga.

Um 11. gr.

Samhljóða 12. gr. almannatryggingalaga.

Um 12. gr.

Samhljóða 13. gr. almannatryggingalaga að öðru leyti en því, að núgildandi mánaðarlegar bótaupphæðir samkvæmt 1. málsgr. hafa verið hækkaðar í næsta heilan tug, og enn fremur eru sett skýr ákvæði um það, hvernig reikna skuli frestun, ef maður dvelst erlendis á þeim aldri, er um frestun gæti verið að ræða.

Um 13. gr.

Svarar til 14. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að í stað „varanlegir öryrkjar“ komi „öryrkjar til langframa“, enn fremur, að í stað „teljast ekki færir“ komi „eru ekki færir“. Hvortveggja breytingin er gerð til þess, að orðalag greinarinnar

verði í betra samræmi við framkvæmd en nú er. Hæpið er að nefna alla þá, sem örorkulífeyris njóta, varanlega öryrkja á svo háu stigi, sem tiltekið er í lögnum. Munu einkum tvær ástæður liggja til þess, að ekki hefur verið fylgt stranglega orðalagi laganna. Vegna framfara í læknávisindum valda ýmsir sjúkdómar nú sjaldan varanlegri örorku, þótt slíkt hafi verið algengt fyrir aldarfjórðungi, en við örorkumat hefur ekki verið tekið tillit til hinna breyttu aðstæðna, og í öðru lagi er oft knýjandi þörf fyrir fjárhagsaðstoð vegna langvarandi veikinda, eftir að greiðsla sjúkradagpeninga fellur niður.

Nefndin leggur til, að sjúkradagpeningar verði greiddir samfleytt í miklu lengri tíma en nú á sér stað, sbr. athugasemdir við 50. gr. Enn fremur kom sú hugmynd fram, að teknir yrðu upp svokallaðir sjúkrastyrkir hjá lífeyrstryggingunum, sem veittir yrðu til tiltekins tíma í senn, en jafnframt yrði örorkulífeyrir bundinn því skilyrði, að ætla mætti, að um ófyrirsjáanlega langvarandi örorku yrði að ræða. Var horfið frá þeirri hugmynd og í staðinn tekið upp fyrrgreint orðalag. Með orðalaginu „til langframa“ á nefndin við, að yfirleitt sé um að ræða örorku, er standi árum saman, og enn fremur leiki vafi á um verulegan bata.

Um 14. gr.

Samhljóða 15. gr. almannatryggingalaga.

Um 15. gr.

Svarar til 16. gr. almannatryggingalaga. Hér er lagt til, að fjölskyldubætur verði kr. 250.00 á mánuði með hverju barni, en þær nema nú kr. 256.43. Til álitu kom, hvort rétt þætti að láta 7% hækkun þá, sem ákveðin var á elli- og örorkulífeyri með lögum nr. 89/1962, einnig taka til fjölskyldubóta. Nefndin lítur svo á, að engan veginn sé sjálfsagt, að fjölskyldubætur hækki í hvert sinn, sem almenn launahækkun á sér stað, enda eru þess dæmi á undanförunum árum, að fjölskyldubætur og lífeyrisgreiðslur hafi ekki fylgt að. Með tilliti til þeirrar stórfelldu útgjaldaaukningar, sem breytingin í þá átt að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum hefur í för með sér, er því ekki gert ráð fyrir hækkun fjölskyldubóta-upphæða að þessu sinni. Að öðru leyti skirskotast til þess, sem í A., III., 3. segir um breytingar þær, sem í þessari grein felast.

Um 16. gr.

Svarar til 17. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að barnalífeyrir verði kr. 700.00 á mánuði, en hann er nú kr. 710.11 á mánuði. Eins og sýnt er fram á í A., III., 3. hér að framan, hækka samanlagðar bætur þeirra, sem barnalífeyris njóta, yfirleitt mjög verulega, og vísast um þetta efni til þess hluta greinargerðarinnar.

Á heimildarákvæðum greinarinnar hafa verið gerðar þrjár breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er veiting barnalífeyris til ekkils nú bundin því skilyrði, að fyrirsjáanlegt sé, að tekjur hans hrökkvi ekki til að sjá fjölskyldunni farborða, en lagt er til, að í stað þessa komi skilyrði um, að fráfall eiginkonu valdi tilfinnanlegri röskun á afkomu umsækjanda. Mundi þessi breyting veita tilefni til nokkurrar rýmkunar í framkvæmd. Í öðru lagi er gert ráð fyrir heimild til að greiða einstæðri móður, sem er öryrki, barnalífeyri, án tillits til þess, hvort hún fær meðlag með barni sínu. Í þriðja lagi er veitt heimild til að hækka barnalífeyri, ef annað foreldri er dáíð, en hitt öryrki, með sama hætti og lífeyri vegna munaðarlausra barna.

Um 17. gr.

Svarar til 18. gr. almannatryggingalaga. Felld eru niður mæðralaun með einu barni, og vísast um það efni til A., III., 3. hér að framan. Bótaupphæðir eru að öðru leyti hækkaðar um 7%.

Um 18. gr.

Svarar til 19. gr. almannatryggingalaga. Samkvæmt frumvarpinu nemur hækkun fæðingarstyrks 56%.

Um 19. gr.

Svarar til 20. gr. almannatryggingalaga. Hækkun ekkjubóta nemur 17%.

Um 20. gr.

Svarar til 21. gr. almannatryggingalaga. Nefndin er þeirrar skoðunar, að ekkjulífeyrir verði nú að teljast lélegustu bætur, sem almannatryggingar veita, og vart nema nafnið tómt fyrir marga ekkjulífeyrisþega. Leggur nefndin til, að þessar bætur verði hækkaðar verulega fyrir allan þorra þeirra, sem ekkjulífeyris njóta. Má sem dæmi nefna, að gert er ráð fyrir, að lífeyrir ekkju, sem er 50 ára við lát mannsins, verði 25% af örorkulífeyri í stað 10% nú, miðað við 60 ára aldur verði hann 75% í stað 58% og miðað við 65 ára aldur 100% í stað 88%. Nýmæli er, að tryggingaráði er veitt heimild til að úrskurða ekkju lífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi ekki verið búin að ná þeim aldri, er maður hennar lézt. Skilyrði eru hins vegar allströng, þar eð gert er ráð fyrir, að heimildin verði einungis notuð, hafi ekkjan verið mjög lengi bundin við heimilisstörf og ekki stundað vinnu utan heimilis. Ákvæðin um, að ekkjulífeyrir greiðist til 67 ára aldurs, þ. e. til þess tíma, er ellilífeyrir tekur við, og falli niður við giftingu, eru í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 21. gr.

Svarar til 23. gr. almannatryggingalaga og er efnislega óbreytt.

Um 22. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Margt aldrað fólk kys að halda heimili sínu svo lengi sem heilsa og aðrar aðstæður framast leyfa, og með lítils háttar reglubundinni heimilishjálpi, t. d. einu sinni eða tvisvar í viku, getur slíkt reynzt kleift, þótt það að öðrum kosti yrði erfiðleikum bundið. Nefndin telur, að bæði frá félagslegu og fjárhagslegu sjónarmiði, og hvort sem á það er litið frá sjónarhóli aldraða fólksins eða þjóðarheildarinnar, sé hér um þarft mál að ræða, enda hefur slík heimilishjálpi reynzt mjög vel víða erlendis. Geta ákvæði þessi gilt, hvort sem lögunum um heimilishjálpi verður breytt í það horf, að þau taki til slíkrar heimilishjálpar til langframa, eða ekki.

Um 23. gr.

Samhljóða 24. gr. almannatryggingalaga.

Um 24. gr.

Svarar til 25. gr. almannatryggingalaga. Er greinin óbreytt að undanskilinni 3. málsgr., sem hefur verið breytt með tilliti til þess, að vísitöluákvæði eru nú úr sögunni.

Um 25. gr.

Samhljóða 26. gr. almannatryggingalaga.

Um 26. gr.

Svarar til 27. gr. almannatryggingalaga. Sú breyting hefur verið gerð á ákvæðum þessarar greinar, að barnalífeyrir er nú talinn upp með þeim bótum, sem ekki veita rétt til undanþágu frá gjaldskyldu. Í framkvæmd verður engin breyting við þetta frá gildandi reglum, þar eð litið hefur verið svo á, að barnið, en ekki framfærandinn, væri bótaþegi. Er sjálfsagt að hafa ákvæði þessi ótvíræð. Þá er lagt til, að aftur verði horfið að þeirri reglu, sem gildi fram til ársins 1960, að láta sömu tekjumörk

gilda um undanþágu samkvæmt grein þessari og réttinn til að láta sveitarfélag greiða iðgjald, sbr. 72. gr. frumvarpsins. Ákvæðum þessum hefur þó verið breytt nokkuð vegna hinna miklu bótahækkana 1960, er valda því, að lífeyrir er nú hærri en hin tilteknu mörk. Óeðlilegt virðist hins vegar, að undanþágan miðist við útsvarsskyldu, sem mismunandi reglur gilda um í einstökum sveitarfélögum, og auk þess eru tæknilegir örðugleikar á framkvæmd nügildandi ákvæða.

Um 27. gr.

Svarar til 28. gr. almannatryggingalaga. Aðeins er um breytingar að ræða á ákvæðum síðustu málsg. um dráttarvexti af framlögum sveitarfélaga, og stafa þær af stórlega breyttum vaxtakjörum frá því, er lögin voru sett.

Um 28. gr.

Svarar til 29. gr. almannatryggingalaga. Samkvæmt nügildandi ákvæðum skal í reglugerð m. a. ákveða, hvernig meta skuli til vinnuvikna störf barna og fóstur-barna eldri en 16 ára, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna. Er lagt til, m. a. til samræmis við ákvæði 4. málsg. 40. gr., að sama verði látið gilda um foreldra, sem dveljast og starfa á heimilum barna sinna. Er það eina breytingin á þessari grein.

### III. KAFLI

Um 29. gr.

Svarar til 30. gr. almannatryggingalaga. Til þess að um slys sé að ræða í skilningi laganna, er þess nú krafizt, að hinn slasaði deyi eða verði óvinnufær. Slys getur hins vegar valdið verulegum sjúkrakostnaði, þótt sá, sem fyrir því varð, hafi aldrei verið frá vinnu af völdum þess. Breytingin á 1. málsg. er gerð til þess, að ótvíræð verði heimildin til að bæta slíkt tjón, en núverandi framkvæmd mun að mestu leyti vera í samræmi við það, sem hér er lagt til.

Ákvæði 3. málsg. 30. gr. laganna eru orðin mjög gömul og verða að teljast úrelt, miðað við íslenskt atvinnulíf, eins og það er nú. Auk þess er orðalag málsgreinarinnar í ósamræmi við þann skilning, sem nú er yfirleitt lagður í hugtakið atvinnusjúkdómar. Er því lagt til, að í 3. málsg. komi allskýr ákvæði um, hvaða sjúkdómar skuli teljast til slysa, en í 4. málsg. er kveðið svo á, að í reglugerð skuli tilteknir atvinnusjúkdómar taldir upp sem bótaskyldir með sama hætti og slys. Er slíkrar reglugerðar mikil þörf.

Um 30. gr.

Svarar til 31. gr. almannatryggingalaga. Í 1. málslíð 1. málsg. laganna er kveðið svo á, að atvinnurekandi skuli tafarlaust senda tilkynningu um slys, sem ætla má bótaskyld. Lagt er til, að sama skylda hvíli á hinum tryggða, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða. og virðist slíkt ákvæði vera sjálfsagt. Enn fremur er sú skylda lögð á þá, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyss, að þeir fylgist með því, að tilkynningarskyldunni sé fullnægt. Virðist slíkt ákvæði sjálfsagt, ef vanræksla þess, sem tilkynna átti, á að hafa áhrif á bótaréttinn, sbr. 2. málsg.

Lagt er til, að tryggingaráði verði veitt heimild til að víkja frá ákvæðum 2. málsg. 31. gr. laganna um missi bótaréttar, ef atvik öll eru svo ljós, að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði, sem máli skipta. Sem dæmi má nefna, að fyrir hefur komið, að lögregluskýrsla hefur verið tekin og slysið tilkynnt tryggingarfélagi (vegna ábyrgðar-, bifreiða- eða slysatryggingar), en aðilum hefur verið ókunnugt um, að þeim bæri þar að auki að tilkynna það Tryggingastofnuninni.

Um 31. gr.

Svarar til 32. gr. almannatryggingalaga. Efnislega er um þrjár breytingar að ræða. Í fyrsta lagi er lagt til, að þeir, sem vinna að vörnum gegn yfirvofandi

meiri háttar tjóni á verðmætum, skuli tryggðir án tillits til launagreiðslu, en slíkt ákvæði gildir nú einungis um þá, sem vinna að björgun manna úr lífsháska. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að þeir, sem taka vinnu heim til sín eða á vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, skuli ekki lengur vera undanþegnir tryggingu, enda getur slík undanþága ekki talizt eðlileg með hliðsjón af heimild atvinnurekenda til að tryggja sig samkvæmt 32. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er lagt til, að foreldrar og fósturforeldrar, sem vinna hjá börnum sínum eða fósturbörnum, verði slysatryggðir gagnstætt því, sem nú gildir. Breytingin á orðalagi c-liðs er gerð til samræmis við þá framkvæmd, sem beitt hefur verið, að sérhver ökumaður, sem réttindi hefur og heimild til að stjórna viðkomandi ökutæki eða aflvél, sé slysatryggður.

#### Um 32. gr.

Svarar til 41. gr. almannatryggingalaga, en er mjög breytt að efni og orðalagi til. Er lagt til, að öllum atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri, svo og mökum þeirra og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa, verði veittur kostur á að slysatryggja sig, og sama gildi um launþega, sem lausavinnu stunda að staðaldri. Er gert ráð fyrir, að ýmist verði menn að gefa til kynna ósk um að vera ótryggðir, en að öðrum kosti verði þeir tryggðir (sbr. 1. málsg.). eða þeir verði að óska eftir tryggingu (sbr. 2. málsg.). Með tilliti til þeirra umræðna, sem á undanfórnum árum hafa farið fram um slysatryggingu atvinnurekenda, einkum bænda, þurfa ákvæði þessi vart frekari skýringa við.

#### Um 33. gr.

Samhljóða 34. gr. almannatryggingalaga.

#### Um 34. gr.

Svarar til 35. gr. almannatryggingalaga. Ósamræmi er milli ákvæða 35. gr. laganna um greiðslu sjúkrakostnaðar og ákvæða 36. gr. um dagpeninga að því leyti, að í 35. gr. er þess krafizt, að slys valdi vinnutjóni „lengur en 10 daga“, en í 36. gr. er talað um „minnst 10 daga“. Er lagt til, að síðarnefnda skilyrðið verði látið gilda um hvorartveggja bæturnar. Enn fremur er lagt til, að nauðsynlegur lyfjag- og umbúðakostnaður verði greiddur að fullu, hvort sem er í sjúkrahúsi eða utan, ef greiða ber sjúkrakostnað á annað borð, en utan sjúkrahúsa eru nú greiddir  $\frac{3}{4}$  hlutar. Orðalagsbreyting á síðari málsg. greinarinnar er gerð með tilliti til áður nefndrar skilgreiningar á hugtakinu slys, sbr. athugasemdir við 1. málsg. 29. gr. frumvarpsins.

#### Um 35. gr.

Svarar til 36. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að hámarkstími, sem dagpeningar skulu greiðast samkvæmt 1. málsg., verði 52 vikur í stað 26 vikna nú. Er nefndin sammála um, að 26 vikur séu of skammur tími, enda hefur heimildar-ákvæðum 2. málsg. verið beitt í æ ríkara mæli á undanfórnum árum, svo að um verulega útgjaldaaukningu af völdum þessarar breytingar verður vart að ræða. Dagpeningaupphæðir samkvæmt 3. málsg. eru hækkaðar um því sem næst 7%, þannig að þær standi alltaf á heilum krónum. Lagt er til, að uppbót vegna maka verði því aðeins greidd, að hinn slasaði hafi verið aðalfyrirvinna heimilisins, en hins vegar verði skýrt kveðið á um, að greiðsla dagpeninga með börnum skuli einnig eiga við um börn, sem sannanlega er greitt með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðar-leyfisbréfi.

Breytingar á ákvæðum 4. málsg. greinarinnar eiga rót sína að rekja til þess, að gert er ráð fyrir slysatryggingu atvinnurekenda, maka þeirra og barna, sbr. athugasemdir við 32. gr. Ákvæði 5. málsg. er nýmæli, og skírskotast um það efni til A., III., 4. hér að framan.



Um 36. gr.

Svarar til 37. gr. almannatryggingalaga. Eftir afnám skerðingarákvæða og sam-  
einingu landsins í eitt verðlagssvæði eru ákvæði 3. málsgr. þeirrar greinar um líf-  
eyri vegna maka og barna orðin úrelt að því leyti, að barnalífeyrir mundi nær á-  
vallt verða hærri samkvæmt ákvæðum kaflans um lífeyrstryggingar, svo framar-  
lega sem orkutap er 75% eða meira. Er því lagt til, að jafnan verði greiddur fullur  
lífeyrir, ef orkutap er a. m. k. 75%, og jafnframt verði lífeyri, sem miðast við 50--  
75% orkutap, breytt þannig, að ekki verði um stökk að ræða við 75% markið.  
Hækkar lífeyrir vegna maka og barna verulega á þessu bili. Í 4. málsgr. er gert ráð  
fyrir, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem  
jafngilda lífeyri tiltekið árábil, enda sé orkutap minna en 50%. Er þetta sveigjan-  
legri regla en sú, sem nú gildir.

Um 37. gr.

Svarar til 38. gr. almannatryggingalaga. Í ákvæðum a-liðs felast veigamestu  
breytingarnar frá núgildandi ákvæðum, annars vegar mikil hækkun dánarbóta til  
ekku eða ekkils, en hins vegar breytt greiðsluform, þar eð gert er ráð fyrir mána-  
aðarlegri greiðslu í 8 ár í stað eingreiðslu. Niðurstaða samanburðar við núgildandi  
bætur fer að sjálfsögðu eftir því, með hvaða vöxtum er reiknað, en ljóst er þó, að  
um mjög mikla hækkun er að ræða, þar eð núverandi eingreiðsla nemur kr. 106 516.80,  
en lagt er til, að greiddar verði kr. 192 000.00 á 8 árum. Þegar slysatrygginganefnd-  
in frá 1959 gerði tillögu sína um upphæð þessara bóta, var henni kunnugt um vænt-  
anlega 20% hækkun elli- og örorkulífeyris. Í sambandi við efnahagsráðstafanir 1960  
var lífeyririnn hækkaður um 20% til viðbótar án þess, að tilsvareandi hækkun ætti  
sér stað á dánarbótum. Er lagt til, að auk 7% hækkunar verði nú tekið tillit til  
þessa. Má þó telja, að hækkunin sé nokkru meiri en sem svarar þessu tvennu. Dreif-  
ing greiðslunnar á 8 ára tímabil hefur tvo kosti. Í fyrsta lagi þann, að bætur þessar  
munu á tímabilinu geta hækkað vegna almennra kauplagsbreytinga eða af öðrum  
ástæðum, og í öðru lagi dregur hún úr þeirri hættu, að bæturnar komi að takmörk-  
uðu gagni, svo sem stundum mun eiga sér stað um eingreiðslur. Sjálfsagt er hins  
vegar, að Tryggingastofnunin veiti slíkum bótaþegum lán, ef þeir eru taldir geta  
notfært sér bæturnar betur með því að fá þær að meira eða minna leyti greiddar í  
einu lagi. Í samræmi við núgildandi eingreiðslu er gert ráð fyrir, að bætur þessar  
greiðist án tillits til þess, hvort bótaþegi gengur í hjónaband á ný, en hins vegar  
falla þær niður við fráfall hans. Það er nýmæli að takmarka bætur þessar með til-  
liti til vinnutekna hins látna, en slíkt er eðlileg afleiðing þess, að bæturnar hækka.

Gert er ráð fyrir verulegri hækkun bóta samkvæmt b-lið, en tilsvareandi ákvæði  
eru í a-lið 38. gr. laganna. Er það í samræmi við ákvæði 20. gr. og 3. málsgr. 36. gr.  
frumvarpsins. Um c-lið vísast til athugasemda við 16. gr. Bótaupphæðir d- og e-liða  
eru hækkaðar um því sem næst 7%, en bætur samkvæmt 2. málsgr. eru ekki hækka-  
ðar.

Um 38. gr.

Svarar til 39. gr. almannatryggingalaga. Efnislega óbreytt að öðru leyti en því,  
að ekki er gert ráð fyrir, að ákvæðið taki til bóta samkvæmt 2. málsgr. 37. gr. frum-  
varpsins.

Um 39. gr.

Samhljóða 40. gr. almannatryggingalaga.

Um 40. gr.

Svarar til 43. gr. almannatryggingalaga. Í stað núgildandi meginreglu, að störf-  
um og starfsgreinum skuli skipt í áhættuflokka, er hér lagt til, að tekin verði upp  
flokkun fyrirtækja í áhættuflokka eftir því, hvaða atvinnurekstur er stundaður.  
Verði breyting þessi lögfest, er það ætlun Tryggingastofnunarinnar að fylgja flokk-  
unarreglum Sameinuðu þjóðanna með þeim breytingum með tilliti til íslenzkra stað-

háttu, sem Hagstofa Íslands telur æskilegar. Ávinningur af slíkri breytingu yrði í fyrsta lagi sá, að álagning iðgjalda yrði mun einfaldari en hún er nú. Í öðru lagi gæti skýrslugerð farið fram í einu lagi fyrir Tryggingastofnunina og aðra opinbera aðila, sem mest þurfa á upplýsingum um þessi efni að halda, og unnt yrði að fá samanburð við nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, sem tekið hafa upp hina nýju flokkun eða búa sig undir að gera það. Í þriðja lagi mætti með hinni nýju flokkun hafa meira gagn en nú af skýrslum slysaftrygginga við athuganir á slyshættu og framkvæmd öryggis á vinnustöðum.

Aðrar breytingar á þessari grein eiga rót sína að rekja til breytinga á 31. og 32. gr. frumvarpsins, og þarfnast þær ekki skýringa.

#### IV. KAFLI

Um 41. gr.

Samhljóða 44. gr. almannatryggingalaga.

Um 42. gr.

Samhljóða 45. gr. almannatryggingalaga.

Um 43. gr.

Svarar til 46. gr. almannatryggingalaga. Það er nýmæli, að ráðherra geti ákveðið, að héraðssamlag nái til fleiri sýslufélaga, svo og að sjúkrasamlagi kaupstaðar sé heimilt að gerast aðili að héraðssamlagi. Með fyrri ákvæðinu er einkum höfð í huga sameining tveggja héraðssamlaga, ef sami sýslumaður er formaður beggja, en frá tryggingalegum eða öðrum sjónarmiðum gæti sameining í öðrum tilvikum þótt æskileg. Engu minni ástæða er fyrir fámennustu kaupstaðasamlögin en fjölmenn sjúkrasamlög utan kaupstaða að tengjast héraðssamlögum, og er síðara ákvæðið sett inn í frumvarpið af þeim sökum.

Um 44. gr.

Svarar til 47. gr. almannatryggingalaga. Ákvæðunum um skipan stjórnar héraðssamlags er breytt með hliðsjón af hinum nýju ákvæðum 43. gr. frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir, að þóknun stjórnarinnar verði ákveðin af Tryggingastofnun ríkisins í stað sýslunefndar, og er það í samræmi við ákvæðin um þóknun sjúkrasamlagsstjórna í síðustu málsgr. 42. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Svarar til 48. gr. almannatryggingalaga. Samkvæmt núgildandi lögum er það m. a. hlutverk héraðssamlaga að annast jöfnun á kostnaði sjúkrasamlaganna, svo sem nánar kann að vera ákveðið með reglugerð af ráðherra. Ákvæði þetta var sett árið 1956, þegar héraðssamlögin voru stofnsett, og var því ætlað að draga úr þeim ágöllum, sem fámenni sjúkrasamlaga hefur í för með sér. Það hefur hins vegar ekki komið til framkvæmda, og er því í frumvarpinu gert ráð fyrir, að það verði fellt niður, en í staðinn tryggi héraðssamlög sjúkrahúsvist, sem umfram er 30 daga hjá hverjum samlagsmanni á hverjum 12 mánuðum. Skal kostnaði, sem af þessu leiðir, skipt milli sjúkrasamlaga innan héraðssamlagsins í hlutfalli við samlagsmannafjölda. Með tilliti til þess, að löng sjúkrahúsvist getur orðið fámennustu sjúkrasamlögunum nær óviðráðanleg, telur nefndin breytingu þessa vera til mikilla bóta og raunar fullkomna nauðsyn, ef innan skamms yrði gerð breyting á ríkisframsælsu sjúkra manna og örkumla, sbr. A., III., 2. hér að framan.

Fellt er niður úr frumvarpinu núgildandi ákvæði um, að héraðssamlag skuli veita Tryggingastofnuninni umsögn um einstök mál frá sjúkrasamlögunum, sem henni eru send til úrskurðar. Getur Tryggingastofnunin engu að síður samkvæmt d-lið greinarinnar óskað slíkrar umsagnar, telji hún hennar þörf.

Um 46. gr.

Svarar til 49. gr. almannatryggingalaga, Er ákvæðum breytt til samræmis við hin nýju ákvæði 45. gr. frumvarpsins, sem getið er hér að framan. Tekið skal fram, að nefndin hefur ekki talið þörf sjálfstæðrar sjóðmyndunar hjá héraðssamlögum.

Um 47. gr.

Svarar til 50. gr. almannatryggingalaga. Ákvæði 2. málsg. um tryggingu barna, sem fara til dvalar um ótiltekinn langan tíma á heimili samlagsmanns, án þess að hann fái foreldraráðin, er nýtt í lögnum, en er í samræmi við framkvæmd, sem tíðkæzt hefur hjá flestum samlögum, en öðru hverju hefur í þessu sambandi skotið upp leiðinlegum deilumálum milli samlaga, þegar um mikinn sjúkrakostnað hefur orðið að ræða. Sjálfsagt virðist vera, að barn haldi tryggingatengslum við foreldra, þótt það fari til sumardvalar í sveit. Öðru máli gegnir, ef um er að ræða dvöl, sem e. t. v. stendur árum saman. Getur þá tæplega talizt eðlilegt að binda tryggingu barnsins því skilyrði, að foreldrar, jafnvel búsettir í öðru byggðarlagi, haldi samlagsréttindum sínum, auk þess sem hentugast hlýtur að vera, að um læknishjálp slíku barni til handa gildi þeir samningar, sem gerðir hafa verið í byggðarlagi því, þar sem það dvelst.

Eftir að sameiginleg gjaldheimta opinberra gjalda hófst í Reykjavík á síðastliðnu ári, eru hjón þar annaðhvort bæði í samlagsréttindum eða hvorugt, og er því reglan um hálf réttindi barns, ef annað foreldri er í vanskilum, úr sögunni hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

Um 48. gr.

Samhljóða 51. gr. almannatryggingalaga.

Um 49. gr.

Svarar til 52. gr. og 2. málsg. 62. gr. almannatryggingalaga. Vegna geysilegs verðmismunar, sem oft reynist vera á lyfjum, sem talin eru vera jafngild, er lagt til, að í d-líð greinarinnar verði tekið upp skýrt ákvæði þess efnis, að Tryggingastofnuninni sé ekki skylt að taka á lyfjaskrá öll jafngild lyf innan hvers flokks og enn fremur geti hún takmarkað greiðslu ákveðinna lyfja, t. d. við þá upphæð, sem greidd er fyrir tiltekin jafngild lyf. Ákvæðið er orðað þannig, að unnt sé í hverju tilfalli að taka tillit til læknisfræðilegra eða annarra sjónarmiða við ákvörðun um, hvort og hvernig lyf skuli sett á lyfjaskrána.

Lagt er til, að greiðsla sjúkrasamlaga fyrir röntgenmyndir og röntgenskoðun verði hækkuð úr  $\frac{1}{2}$  í  $\frac{3}{4}$  af verði samkvæmt gjaldskrá. Þá er lagt til, að dvöl sú vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem samlög greiða ekki, verði miðuð við 9 daga eins og nú, en án tillits til, hvort hún á sér að einhverju leyti stað fyrir fæðinguna. Loks hafa ákvæði 2. málsg. 62. gr. laganna verið tekin upp sem 2. málsg. þessarar greinar með þeirri breytingu, að því aðeins er gert ráð fyrir, að sjúkradagpeningar falli niður vegna farsóttar, að greiðsla þeirra valdi þungbærri útgjaldaaukningu sjúkratrygginganna.

Um 50. gr.

Svarar til 53. gr. almannatryggingalaga. Er um mjög verulegar breytingar á ákvæðum þessarar greinar að ræða.

Í 1. málsg. eru tvö nýmæli. Annars vegar er gert ráð fyrir, að sjúkradagpeningar verði því aðeins greiddir, að umsækjandi sé algerlega óvinnufær, en á slíku ákvæði er einkum þörf vegna dagpeningatryggingar húsmæðra, sem gert er ráð fyrir, að verði almenn. Er algengt, að húsmæður inni störf sín af hendi, þótt þær séu að verulegu leyti óvinnufærar, en erfitt er að ákvarða dagpeninga í slíkum tilfellum. Hins vegar er lagt til, að eingöngu verði miðað við vinnutekjur, en aðrar tekjur, svo sem húsaleigutekjur, tekjur af atvinnurekstri o. fl., svo og tekjur maka, valdi ekki skerðingu dagpeninga.

Í 2. málsgr. felst sú breyting, að gert er ráð fyrir greiðslu dagpeninga í allt að 52 vikur á hverjum 24 mánuðum í stað 26 vikna á 12 mánuðum, og er sú breyting til mikilla bóta fyrir þá, sem eru frá vinnu 6—12 mánuði samfleytt. Enn fremur er gert ráð fyrir, að ekki þurfi að leita samþykkis tryggingaráðs fyrir veitingu framhaldsdagpeninga, enda er slík málsmeðgerð ákaflega þung í vöfum.

Lagt er til, að lögboðið lágmark sjúkradagpeninga verði hækkað stórkostlega. Oft hafa sjúkradagpeningar verið undanskildir, þegar aðrar bætur hafa hækkað, og enn fremur hefur lágmarkið miðazt við bætur annars verðlagssvæðis. Af þessum sökum hafa dagpeningar, sem í upphafi almannatrygginganna voru mun hærri en örorkulífeyrir, dregizt mjög aftur úr, og nemur lágmarkið nú kr. 28.40 fyrir einhleypa, en kr. 7.10 til viðbótar vegna eiginkonu og hvers barns, allt að þremur. Örorkulífeyrir einhleyps manns nemur hins vegar um 50 krónum á dag. Ákvæðum 4. málsgr. hefur að öðru leyti verið breytt til samræmis við ákvæði 3. málsgr. 35. gr. frumvarpsins um slysadagpeninga.

Eins og áður er tekið fram, er gert ráð fyrir, að húsmæður eigi rétt á dagpeningum án tillits til tekna eiginmanna. Hins vegar veldur mat á tekjum húsmæðra því, að dagpeningar þeirra verða mun lægri en annarra. Nýmæli er og, að gert er ráð fyrir, að dagpeningar húsmóður, sem ekki vinnur utan heimilis, lækka ekki, þótt hún dveljist í sjúkrahúsi. Enn fremur lækka dagpeningar annarra við sjúkrahúsvist minna en áður.

Um greiðslu sjúkradagpeninga til vinnuveitanda hins sjúka gegnir sama máli og um slysadagpeninga, sbr. athugasemdir við síðustu málsgr. 35. gr. frumvarpsins. Ákvæðið um greiðslu dagpeninga, meðan á verkfalli stendur, er nýtt og sett til þess að skýr fyriræli fáist í þessu efni.

#### Um 51. gr.

Svarar til 54. gr. almannatryggingalaga. Breyting á orðalagi 1. málsgr. um þá samninga, sem Tryggingastofnunin gerir, er gerð með það fyrir augum, að ákvæðin verði ótvíræð og í samræmi við núverandi framkvæmd. Sama gildir um ákvæði 2. málsgr. um það, hvernig snúast skuli við, ef læknasamningar falla niður. Þeim er breytt í það horf, að ótvírætt sé, að lækkun útgjalda geti komið hinum tryggðu að fullu til góða, en valdi ekki fyrst og fremst lækkun á opinberum framlögum til trygginganna.

Ákvæðum 3. málsgr. er breytt með tilliti til þess, að eðlilegt þykir, að heilbrigðismálaráðuneytið ákveði daggjöld opinberra sjúkrahúsa, nema um þau hafi verið samið, hvort sem um slíkt hefur verið leitað samninga eða ekki og hvort sem um innanhéraðs- eða utanhéraðsmenn er að ræða. Hafa stundum risið deilur um slík daggjöld og þá þjónustu, sem í þeim skuli vera innifalin.

Í síðustu málsgr. greinarinnar eru tekin af tvímæli um það, hver áhrif það hefur, ef látið er undir höfuð leggjast að tilkynna Tryggingastofnuninni daggjalda-breytingu með þeim fyrirvara, sem fyrirskipaður er í nógildandi lögum.

#### Um 52. gr.

Svarar til 55. gr. almannatryggingalaga. Í stað nógildandi ákvæðis um heimild sjúkrasamlags til að greiða kostnað vegna þess, að samlagsmaður vill leita sér lækninga utan samlagssvæðis, er heimildinni í 1. málsgr. breytt í skyldu, en það jafnframt sett sem skilyrði, að um nauðsyn samlagsmanns sé að ræða.

#### Um 53. gr.

Samhljóða 56. gr. almannatryggingalaga.

#### Um 54. gr.

Svarar til 57. gr. almannatryggingalaga og er efnislega óbreytt.

Um 55. gr.

Svarar til 58. gr. almannatryggingalaga. Það er nýmæli, að ákvæði eru sett um dráttarvexti af framlögum ríkissjóðs og sveitarsjóða.

## V. KAFLI

Um 56. gr.

Svarar til 59. gr. almannatryggingalaga. Gert er ráð fyrir, að fjölskyldubætur verði greiddar án tillits til annarra bóta, og er það veigamesta nýmælið, sem í grein þessari felst. Skírskotast til A. III. 3. um það efni. Enn fremur er lagt til, að með bótum samkvæmt a-lið 37. gr. megi fara allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 19. gr., og er það í samræmi við það, sem nú gildir um eingreiðslu samkvæmt a-lið 38. gr. laganna.

Lagt er til, að greiða megi slysdagpeninga samtímis elli- og ekkjulífeyri. Mikill fjöldi ellilífeyrisþega vinnur fulla vinnu, og skerðist lífeyrir nú ekki af þeim sökum. Er því ekki óeðlilegt, að tímabundið vinnutap af völdum slysa sé bætt með dagpeningum án þess, að lífeyrir sé skertur. Raunar á þetta sjónarmið einnig við um sjúkradagpeninga, en þar yrði oft ákaflega erfitt að greina á milli sjúkdóma, sem rétt væri að bæta með dagpeningum, og hrörnunar, e. t. v. samfara örðugleikum á að fá vinnu. Þá er gert ráð fyrir rýmkun á ákvæðunum um greiðslu sjúkra- og slysdagpeninga til einstæðra kvenna, annars vegar með ákvæði um, að dagpeningar og ekkjubætur samkvæmt 19. gr. megi fara saman, hins vegar með því, að mæðralaun og dagpeninga vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis megi greiða samtímis.

Í 5. málsg. er um efnisbreytingu að ræða frá þeirri framkvæmd, sem gilt hefur, þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild Tryggingastofnunarinnar til að greiða lífeyri, ef sjúkrahúsdvöl er ekki greidd að fullu. Notkun slíkrar heimildar mætti miða við ástæður bótaþegans, tiltekin sjúkrahús og tiltekin sjúkrarúm (t. d. sambýlisstofur). Enn fremur er lagt til, að lengd verði um einn mánuð sjúkrahúsdvöl sú, sem nú er heimiluð, án þess að lífeyrir sé felldur niður. Með sameiningu tveggja síðustu málsgreina 58. gr. laganna og orðalagsbreytingu í því sambandi er ekki átt við neina breytingu á greiðslum lífeyristrygginga til ríkisframfærslunnar frá því, sem nú gildir.

Um 57. gr.

Samhljóða 60. gr. almannatryggingalaga.

Um 58. gr.

Samhljóða 61. gr. almannatryggingalaga að öðru leyti en því, að sjúkrasamlögum er veittur sami réttur og Tryggingastofnunin hefur nú samkvæmt þeirri grein.

Um 59. gr.

Svarar til fyrri málsg. 62. gr. almannatryggingalaga. Í frumvarpinu er notað orðið „ölvun“ í stað „áfengisneyzlu“, og er það í samræmi við þann skilning, sem í ákvæðið hefur verið lagður. Ákvæði síðari málsg. 62. gr. laganna hafa verið tekin nokkuð breytt upp í 2. málsg. 49. gr. frumvarpsins.

Um 60. gr.

Samhljóða 64. gr. almannatryggingalaga.

Um 61. gr.

Svarar til 65. gr. almannatryggingalaga. Í greininni felst sú efnisbreyting, að sjúkradagpeningar skulu að jafnaði ekki úrskurðaðir lengra aftur í tímann en

tvo mánuði, en heimild veitt til að lengja tímabilið í allt að sex mánuði, ef bóta-  
réttur er að öðru leyti ótvíræður. Þriggja mánaða tímabilið, sem nú gildir, hefur  
stundum reynzt of langt til þess, að unnt hafi verið að fá fullnægjandi upplýsingar  
um atriði, er máli skiptu, en hitt er einnig algengt, að atvik séu svo ljós, að engan  
veginn sé varhugavert að greiða dagpeninga lengra aftur í tímann. Ekki er gert  
ráð fyrir neinni takmörkun á greiðslu slysalífeyris, enda hefur sú regla gilt,  
þegar um eingreiðslu lífeyris hefur verið að ræða.

Um 62. gr.

Samhljóða 66. gr. almannatryggingalaga.

Um 63. gr.

Svarar til 67. gr. almannatryggingalaga, og er ekki um aðra breytingu að  
ræða en þá, að sjúkrasamlögum er veittur sams konar endurkröfuréttur vegna  
ofgreiðslu bóta og Tryggingastofnunin hefur nú.

Um 64. gr.

Svarar til 68. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að ákvæðin um endur-  
kröfurétt almannatrygginga á hendur þeim, sem fébótaábyrgð kunna að bera vegna  
tjóns, verði mun skýrari en nú, svo og að réttur trygginganna verði takmarkaður  
gagnvart atvinnurekanda, þegar um er að ræða slys, sem starfsmenn hans hafa  
orðið fyrir. Virðist eðlilegt, að atvinnurekandi njóti nokkurs öryggis með iðgjalda-  
greiðslum sínum, ef ekki er um stórkostlegt gáleysi eða ásetning að ræða.

Um 65. gr.

Svarar til 69. gr. almannatryggingalaga. Um efnisbreytingu er ekki að ræða,  
og með tilvituninni til 56. gr. er átt við, að sé t. d. geðveikur maður úrskurðaður  
í öryggisgæzlu á geðveikrahæli, sé heimilt að greiða honum 10% lífeyris sam-  
kvæmt síðustu málsgr. 56. gr.

Um 66. gr.

Samhljóða 70. gr. almannatryggingalaga.

Um 67. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Þar eð bætur lífeyristrygginga eru samkvæmt  
frumvarpinu tengdar lögheimilishugtakinu, virðist sjálfsagt, að Tryggingastofnunin  
óski úrskurðar um lögheimili manns, ef hún telur rétt hans til bóta vafasaman í  
því sambandi. Einnig getur sjúkrasamlag haft þörf fyrir slíkan úrskurð.

Um 68. gr.

Svarar til 72. gr. almannatryggingalaga. Ákvæðum hefur verið breytt með  
tilliti til nýrra skattalaga og breyttra vinnuaðferða við álagningu iðgjalda. Með  
færslu iðgjalda á skattskrá er að sjálfsögðu átt við, að um sé að ræða skattskrá  
í víðri merkingu, þannig að ekki séu þar einvörðungu taldir þeir, sem gert er  
að greiða tekju- eða eignarskatt.

Um 69. gr.

Svarar til 73. gr. almannatryggingalaga. Sjá athugasemdir við 68. gr.

Um 70. gr.

Svarar til 74. gr. almannatryggingalaga. Sjá athugasemdir við 68. gr.

Um 71. gr.

Svarar til 75. gr. almannatryggingalaga. Ekki er um aðra efnisbreytingu að  
ræða frá gildandi lögum en þá, að Tryggingastofnuninni er í sjálfsvald sett, hvort

hún innheimtir sjálf iðgjöld hjá einstökum ríkisstofnunum, svo sem nú á sér stað, eða felur innheimtumönnum slíka innheimtu.

Um 72. gr.

Svarar til 76. gr. almannatryggingalaga. Í 2. málsg. er breytt tekjumörkum þeim, sem réttur hins tryggða til að láta sveitarsjóð greiða fyrir sig iðgjald til lífeyristrygginga miðast við. Upphæð sú, sem lagt er til, að gildi fyrir einstaklinga, er jafnhá þeirri, sem lögum samkvæmt ber ekki að greiða útsvar af, og hækkun tekjumarkanna er í nokkru samræmi við kauplagsbreytingar frá því, er núverandi upphæðir voru lögákveðnar fyrir þremur árum.

Það er nýmæli, að gert er ráð fyrir, að lífeyristryggingarnar greiði sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem orðnir eru 67 ára og rétt eiga á ellilífeyri, þótt þeir fresti tóku hans.

Um 73. gr.

Svarar til 77. gr. almannatryggingalaga. Um efnisbreytingu er ekki að ræða, en orðalagi er breytt með hliðsjón af nýju innheimtufyrirkomulagi í Reykjavík.

Um 74. gr.

Samhljóða 78. gr. almannatryggingalaga að undanskilinni tilvitnun í lög nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

Um 75. gr.

Samhljóða 79. gr. almannatryggingalaga.

Um 76. gr.

Svarar til 80. gr. almannatryggingalaga, og eru ákvæðin efnislega óbreytt.

Um 77. gr.

Samhljóða 81. gr. almannatryggingalaga.

Um 78. gr.

Svarar til 82. gr. almannatryggingalaga. Efnislega er greinin óbreytt að öðru leyti en því, að framlag Tryggingastofnunarinnar samkvæmt d-lið er hækkað úr 600 þúsund krónum í eina milljón króna. Lögin um læknisvitjanasjóði eru nú í endurskoðun, og var óskað umsagnar nefndarinnar í sambandi við hana. Af þeim upplýsingum, er nefndin hefur aflað sér um þetta mál, virðist mega ráða, að starfsemi læknisvitjanasjóða sé svo óveruleg, að lítil ástæða sé til að láta þá starfa áfram við hlið sjúkrasamlaganna. Nefndin lítur því á umrædda hækkun framlagsins sem bráðabirgðarástöfun, meðan málið er í athugun.

Um 79. gr.

Svarar til 83. gr. almannatryggingalaga. Ekki er um neina efnisbreytingu að ræða, en lagt er til, að í stað „barnalífeyris“ verði notað orðið „meðlag“. Er það í samræmi við orðalag í lögnum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Vegna núverandi orðalags hefur mjög verið ruglað saman greiðslu barnalífeyris, sem veittur er sem bætur almannatrygginga, og þeirri fyrirgreiðslu, sem Tryggingastofnunin veitir mæðrum í sambandi við meðlög, er þær eiga kröfu til frá barnsfeðrum og sveitarfélög greiða, ef feðurnir standa ekki í skilum. Á þennan rugling er m. a. drepið í A., III., 3. hér að framan. Í fyrstu málsg. segir, að meðlagið skuli ekki vera hærra en barnalífeyrir samkvæmt 16. gr., en hins vegar er kveðið svo á í lögnum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, að það skuli ekki heldur lægra vera en lífeyrir, ef móðirin á framfærslurétt hér á landi.

Um 80. gr.

Svarar til 84. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að hinn endurkræfi barns-fararkostnaður, sem Tryggingastofnunin greiðir samkvæmt þessari grein, hækki úr kr. 600.00 í kr. 1 000.00 á mánuði. Með tilliti til mikillar hækkunar kvenna-kaups í ýmsum starfsgreinum að undanfögnu, svo og hins, að upphæð þessi hefur aðeins stundum fylgt bótum II. kafla, er hækkanir hafa átt sér stað, virðist hækkun þessi sanngjörn.

Um 81. gr.

Svarar til 85. gr. almannatryggingalaga. Gert er ráð fyrir, að viðurkenning Tryggingastofnunarinnar á lífeyrissjóðum falli niður, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Um þetta efni skirskotast til A., III., 1.

Um 82. gr.

Svarar til 42. gr. almannatryggingalaga. Upptalningu á þeim tegundum frjálsra slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér, er sleppt, enda virðist hún ástæðulaus og úrelt, þótt hún hafi verið gagnleg, meðan slíkar trygg-ingar voru óvenjulegar og vart fáanlegar hér á landi.

Um 83. gr.

Samhljóða 87. gr. almannatryggingalaga.

Um 84. gr.

Samhljóða 88. gr. almannatryggingalaga.

Um 85. gr.

Svarar til 89. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að hámark sektar sam- kvæmt grein þessari verði hækkað úr kr. 10 000.00 í kr. 25 000.00.

Um 86. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um breytingu þá, sem hér um ræðir, skirskotast til A., III., 1. Í ákvæðum þess- um felst tvennt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir þeir, sem falla undir 85. gr. almannatryggingalaga, geri upp við Tryggingastofnunina iðgjaldamismun þann, sem ákvæði 85. gr. hafa haft í för með sér á liðnum árum, sbr. 3. málsg. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að félagar hlutaðeigandi sjóða greiði full iðgjöld til almannatrygginga og njóti þar fullra réttinda frá 1. janúar 1964, þó þannig, að aðstaða þeirra í heild gagnvart sjóði sínum og almannatryggingum haldist óbreytt, unz endurskoðun hefur farið fram á lögum eða reglugerð sjóðsins með tilliti til hinna nýju viðhorfa, sbr. 1., 2. og 4. málsg.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning almannatrygginga 1964 vegna lagabreytinga samkvæmt frumvarpinu, áætluð af Tryggingastofnun ríkisins.

I. Lífeyristryggingar.

	Hækkun skv. frv.
1. Lífeyrir sérsjóðsfélaga, er falla undir ákvæði 85. gr. laga nr. 24/1956, sbr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði frv. ....	17.0 millj. kr.
2. Fjölskyldubætur, sbr. 15. gr. frv. ....	19.4 — —
3. Mæðralaun, sbr. 17. gr. frv. ....	1.8 — —
4. Fæðingarstyrkur, sbr. 18. gr. frv. ....	7.1 — —
5. Ekkjúlífeyrir, sbr. 20. gr. frv. ....	1.5 — —
6. Annað, sbr. 16., 19., 56., 72. og 78. gr. ....	1.2 — —
Samtals	44.4 millj. kr.



Fjárhæð þessi skiptist þannig á aðila (til samanburðar er sýnt, hverju 7% hækkun þeirra bóta, sem ekki hækkuðu með lögum nr. 89/1962, mundi hafa numið):

	Frumvarp	7% hækkun
Ríkissjóður .....	28.4 millj. kr.	14.6 millj. kr.
Hinir tryggðu .....	8.0 — —	1.2 — —
Sveitarsjóðir .....	4.5 — —	0.7 — —
Atvinnurekendur .....	3.5 — —	0.5 — —
<b>Samtals</b>	<b>44.4 millj. kr.</b>	<b>17.0 millj. kr.</b>

## II. Slysaftryggingar.

	Hækkun skv. frv.
1. Dagpeningar, sbr. 35. gr. frv. ....	1.3 millj. kr.
2. Dánarbætur, sbr. 37. gr. frv. ....	1.1 — —
3. Annað, sbr. 29., 34., 36. og 56. gr. frv. ....	0.3 — —
<b>Samtals</b>	<b>2.7 millj. kr.</b>

Til samanburðar skal getið, að 7% hækkun þeirra bóta, sem ekki hækkuðu með lögum nr. 89/1962, mundi hafa valdið 0.7 millj. kr. aukningu útgjalda.

## III. Sjúkratryggingar.

	Hækkun skv. frv.
1. Sjúkradagpeningar, sbr. 50. og 56. gr. frv. ....	6.0 millj. kr.
2. Röntgenmyndir og röntgenskoðun, sbr. 49. gr. frv. ....	1.0 — —
<b>Samtals</b>	<b>7.0 millj. kr.</b>

Útgjaldaaukningin skiptist þannig á aðila:

Ríkissjóður .....	3.0 millj. kr.
Hinir tryggðu .....	2.7 — —
Sveitarsjóðir .....	1.3 — —
<b>Samtals</b>	<b>7.0 millj. kr.</b>

## IV. Samandregið yfirlit um skiptingu útgjaldaaukningarinnar.

	Lífeyris- tryggingar Millj. kr.	Slysa- tryggingar Millj. kr.	Sjúkra- tryggingar Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Ríkissjóður .....	28.4	—	3.0	31.4
Hinir tryggðu .....	8.0	—	2.7	10.7
Sveitarsjóðir .....	4.5	—	1.3	5.8
Atvinnurekendur .....	3.5	2.7	—	6.2
<b>Alls</b>	<b>44.4</b>	<b>2.7</b>	<b>7.0</b>	<b>54.1</b>